

Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson

Setningafræði

Reykjavík

2001

Efnisyfirlit

0. Setningafræði	4
1. Gerð setninga og setningarliða	4
1.1 Yfirlit	4
1.2 Skipting setninga í liði	5
1.3 Gerð setningarliða	6
1.4 Liðgerðarreglur og hríslumyndir	7
1.5 Helstu setningarliðir	9
1.6 Fylliliðir	10
1.7 Ákvæðisliðir	11
1.8 Ákvæðisliðir og fylliliðir	12
2. Setningarstaða einstakra orða	13
2.1 Yfirlit	13
2.2 Ýmis setningarleg einkenni orðflokka	14
2.3 Fallstjórn og fallvaldar	15
2.4 Afturbeyging	16
2.5 Tvíyrt fornöfn	17
3. Sagnir og sagnasambönd	19
3.1 Yfirlit	19
3.2 Umsögn	19
3.3 Hjálparsagnir	20
3.4 Nafnháttarsetningar og hjálparsagnasambönd	21
3.5 Rökliðir og merkingarhlutverk	22
3.6 Tíð	23
3.7 Horf	24
3.8 Háttur	26
4. Hlutverk setningarliða	27
4.1 Yfirlit	27
4.2 Frumlag og frumlagsígildi	28
4.3 Frumlagslausar setningar og gervifrumlag	28
4.4 Andlag	29
4.5 Sagnfylling	30
4.6 Einkunn	30
4.7 Viðurlag	31
4.8 Atviksliður	32
4.9 Forsetningarliður	32
5. Flokkar setninga og einkenni þeirra	33
5.1 Yfirlit	33
5.2 Aðalsetning, aukasetning, málsgrein	33
5.3 Staða aukasetninga	34
5.4 Flokkun aukasetninga	36
5.5 Fallsetningar	36
5.6 Atvikssetningar	37

5.7 Tilvísunarsetningar	38
6. Orðaröð og setningafræðileg ferli	39
6.1 Yfirlit	39
6.2 Sjálfgefin röð og breytt röð	39
6.3 Bein og óbein ræða	40
6.4 Kjarnafærsla	41
6.5 Spurnarfærsla	43
6.6 Stílfærsla	45
6.7 Sögn í fyrsta sæti	45
6.8 Fráfærsla	46
6.9 Frestun óákveðins frumlag og frestun þungs nafnliðar	47
6.10 Nafnliðarfærslur	48
6.11 Liðfelling	50

0. Setningafræði

SETNINGAFRÆÐI er sú grein málfræðinnar sem fæst við samband milli orða; hvernig orðin raðast saman í stærri heildir, hvernig þau hafa áhrif hvert á annað, og hvernig tengslunum milli þeirra er háttað. Hún er nátengd ýmsum öðrum greinum málfræðinnar, einkum **beygingarfræði**, **merkingarfræði** og **orðræðugreiningu**.

Í kennslu og annarri umræðu er oft gerður munur á svonefndri “hefðbundinni” setningafræði (í anda Björns Guðfinnssonar) og málmyndunarfræði (ummyndanamálfræði, generatífri málfræði) og þessu tvennu jafnvel stillt upp sem ósættanlegum andstæðum sem velja verði á milli. Svo er þó ekki í raun. Hér er um að ræða tvær mismunandi aðferðir til að nálgast sama viðfangsefnið, en þær beinast að mismunandi þáttum þess. Í hefðbundinni setningafræði er megináhersla lögð á hlutverk setninga og setningarliða, en í málmyndunarfræði er fremur litið á formgerð þeirra. Þess vegna geta aðferðirnar unnið ágætlega saman, þótt vitaskuld komi upp tilvik þar sem þær taka ólíkt á málum.

Í þessu yfirliti er reynt að taka fullt tillit til beggja aðferða til að umfjöllunin komi að sem bestu gagni. Því er sums staðar getið um mismunandi viðhorf til einstakra atriða í greiningu, þótt víðast hvar sé tekin ákveðin afstaða með annarri (eða einni) greiningunni.

1. Gerð setninga og setningarliða

1.1 Yfirlit

Hugtakið **setning** er oft skilgreint sem “orðasamband sem inniheldur eina aðalsögn og oftast einnig **frumlag**”.¹ Dæmi um setningar eru sýnd hér að neðan. Þar er aðalsögn með hástöfum, frumlag undirstrikað en setningin sjálf afmörkuð með hornklofum:

[Ég hef aldrei DRUKKIÐ lýsi] (ósamsett setning)

[Hann SEGIR [að hann hafi aldrei DRUKKIÐ lýsi]] (samsett setning)

[Hann DREKKUR kók] en [hún DREKKUR lýsi] (tengdar setningar)

¹ Í sumum bókum er orðasamband því aðeins talið setning að það innihaldi sögn í persónuhætti. Sé sú skilgreining notuð eru nafnháttarsamböndin innan hornklofa í eftirfarandi dæmum ekki talin setningar:

Hann leyfði mér [að keyra bílinn]

Hún reyndi [að koma í veg fyrir árekstur]

Sagnirnar ‘keyra’ og ‘koma’ eru hér í nafnhætti, og er í sumum bókum þess vegna ekki taldar umsagnir, heldur kallaðar umsagnarígildi. Hér eru þessi sambönd hins vegar talin nafnháttarsetningar. Sama máli gegnir um greiningu þess sem er innan hornklofa í eftirfarandi dæmi:

Ég tel [Svein vita svarið]

[Svein vita svarið] vilja sumir ekki telja setningu, og ‘Svein’ ekki frumlag aukasetningar, heldur andlag sagnarinnar ‘telja’ í aðalsetningunni. Orðasambönd af þessu tagi ganga stundum undir nafninu þolfall með nafnhætti, og verða hér talin til setninga.

Eins og sjá má eru setningar annaðhvort ósamsettar (einfaldar), samsettar (þá er ein setning innan í annarri, hluti hennar) eða tengdar (þá eru tvær eða fleiri setningar tengdar saman).

Allar setningar eru settar saman úr setningarliðum (eða setningarhlutum). Setningarliðir geta verið einfaldir eða flóknir að gerð og gegnt mismunandi hlutverkum. Nokkur dæmi eru sýnd hér að neðan. Þeir setningarliðir sem eru afmarkaðir með hornklofum eru skýrðir sérstaklega, en hafa ber í huga að í þessum setningum eru margir fleiri liðir en þeir sem hér eru auðkenndir sérstaklega:

Ég hef aldrei séð [grænan hest]
[Falleg bók] lá [á borðinu]
[Þessi bók] er [mjög dýr]
Þær hafa [drukkið mjólkina] og [borðað fiskinn]
Þau sungu [ákaflega vel] og [mjög fjörlega]

1.2 Skipting setninga í liði

Orð sem mynda setningarliði hafa þessi einkenni:

1. Þau má oft FLYTJA TIL í einu lagi innan setningar.
2. Þau SAMBEYGJAST oft ef þau eru fallorð.
3. Þau mynda MERKINGARLEGA HEILD, t.d. þannig að eitt orð er ákvæðisorð með öðru.
4. Þau tengjast stundum þannig að eitt STJÓRNAR FALLI á öðru.
5. Þau má TENGJA VIÐ sams konar setningarliði með samtengingunni ‘og’.

Ef dæmin um setningarliði í 1.1 eru skoðuð með þetta í huga kemur m.a. í ljós að:

1. Liðirnir [grænan hest], [falleg bók], [á borðinu] og [Þessi bók] geta flust til í einu lagi (komið fram á öðrum stað í samsvarandi setningum):

Ég hef aldrei séð [grænan hest]
→ [Grænan hest] hef ég aldrei séð
[Falleg bók] lá [á borðinu]
→ [Á borðinu] lá [falleg bók]
[Þessi bók] er [mjög dýr]
→ Er [þessi bók] [mjög dýr]?

2. Orðin ‘grænan’ og ‘hest’ í [grænan hest] eru bæði í þolfalli eintölu og sambeygjast, sbr. að þau breyta bæði um fall ef skipt er um sögn (fallstjórnanda):

Ég hef aldrei séð [grænan (þf.) hest (þf.)]
→ Ég hef aldrei klappað [grænum (þgf.) hesti (þgf.)]

3. Orðið ‘grænan’ á merkingarlega við ‘hest’ (kveður nánar á um eiginleika hestsins), og sama er að segja um ‘falleg’ og ‘bók’. Á líkan hátt segir ábendingarfornafnið ‘þessi’ í [Þessi bók] nánar til um hvaða bók er átt við. Atviksorðið ‘mjög’ er ákvæðisorð (áhersluorð) með lýsingarorðinu ‘dýr’ í [mjög dýr] og á líkan hátt er ‘ákaflega’ áhersluorð með atviksorðinu ‘vel’ í [ákaflega vel] og ‘mjög’ áhersluorð með atviksorðinu ‘fjörlega’ í [mjög fjörlega].

4. Forsetningin ‘á’ í [á borðinu] **stjórnar falli** (þágufalli) á ‘borðinu’ (sumar aðrar forsetningar gætu stjórnað þolfalli, sbr. ‘við’ í sambandinu [við borðið]). Eins stjórna sagnirnar ‘drukkið’ og ‘borðað’ falli (þolfalli) á ‘mjólkina’ og ‘fiskinn’ í liðunum [drukkið mjólkina] og [borðað fiskinn] (sumar aðrar sagnir gætu stjórnað þágufalli til dæmis, sbr. ‘stolið’ í samböndunum [stolið mjólkinni] eða [stolið fiskinum]).

5. Orðasamböndin [drukkið mjólkina] og [borðað fiskinn] má tengja saman með samtengingunni ‘og’, og sama er að segja um liðina [ákaflega vel] og [mjög fjörlega].

Hér má því finna margs konar rök fyrir þeirri liðskiptingu sem sýnd er í 1.1.²

1.3 Gerð setningarliða

Setningarliðir eru af mismunandi gerð og gegna ólíkum hlutverkum. Allir setningarliðir hafa eitt aðalorð (oft nefnt höfuð) sem einkennir þá, en þeim fylgja oft ýmiss konar ákvæðisorð (**ákvæðisliðir** eða ákvarðarar³) og **ylliliðir** eins og nú skal rakið.

Ákvæðisorð eru þau orð kölluð sem standa með öðrum orðum og kveða nánar á um einkenni þess sem þau eiga við eða segja nánar til um við hvað er átt. Dæmi (ákvæðisorð með hástöfum):

Sigrún keypti FALLEGAN hest
Stefanía á ÞENNAN hund
Hver setti þetta [OFSALEGA LJÓTA] hárband í töskuna mína?

² Nauðsynlegt er að hafa í huga að ekki er hægt að nota öll þau rök sem hér voru talin um alla setningarliði. Þannig mynda orðin ‘falleg bók’ sérstakan lið í eftirfarandi setningu og sama er að segja um orðin ‘gamla borðinu’: ‘[Falleg bók] lá á [gamla borðinu]’. Í báðum tilvikum er um að ræða lýsingarorð og nafnorð sem sambeygjast og í báðum tilvikum má segja að orðin myndi merkingarlega heild. En liðinn ‘gamla borðinu’ er ómögulegt að flytja fremst í setninguna, þannig að setningin ‘*[Gamla borðinu] lá falleg bók á’ er alveg ótæk (það er táknað með *). Svipað er að segja um liðinn ‘drukkið mjólkina’ í setningunni ‘Þær hafa [drukkið mjólkina] og [borðað fiskinn]’, sbr. ‘?*[Drukkið mjólkina] hafa þær og [borðað fiskinn]’ (?* táknað að setningin sé líklega ótæk). Niðurstaðan er því sú að EF hægt er að flytja búið úr setningu til í einu lagi má hafa það til marks um að þar sé um að ræða sérstakan setningarlið. En það fer eftir gerð setningarliða og stöðu hvort hægt er að flytja þá til. Þetta þýðir m.ö.o. að þótt EKKI sé hægt að flytja tiltekinn búið setningar í einu lagi, eru það EKKI nægileg rök fyrir því að segja að þar geti ekki verið setningarliður á ferðinni.

³ Ákvarðari er orð eða setningarliður (t.d. lýsingarorð eða fornafn) sem stendur með öðrum lið (t.d. nafnorði) og ákvarðar það nánar, þrengir merkingu þess og skilgreinir til hvers það vísar. Yfirleitt notað í sömu merkingu og ákvæðisliður.

Í fyrsta dæminu er lýsingarorðið ‘fallegan’ ákvæðisorð með ‘bíl’, stendur með því orði, sambeygist því (er í sama kyni, tölu og falli) og segir nánar til um einkenni hestsins sem átt er við. Í næsta dæmi stendur ábendingarfornafnið ‘þennan’ með ‘hund’, sambeygist því og lætur í ljós að það er þessi tiltekni hundur sem átt er við. Í þriðja dæminu stendur atviksorðið ‘ofsalega’ með lýsingarorðinu ‘ljóta’ sem ákvæðisorð, en í heild stendur svo liðurinn ‘ofsalega ljóta’ með nafnorðinu ‘hárband’ og segir hvers konar hárband þetta er og lýsingarorðið ‘ljóta’ sambeygist nafnorðinu ‘hárband’. Orðasambandið ‘ofsalega ljóta’ er þá í heild **ákvæðisliður** með nafnorðinu ‘hárband’.

Forsetningar eru **aðalorð forsetningarliða** og þær taka nafnliði með sér sem fylliliði og stjórna falli á þeim. Áhrifssagnir stjórna líka falli á fylliliðum sínum (**andlögum**) og einnig er til í dæminu að lýsingarorð geti tekið með sér **fylliliði** og stýrt falli á þeim. Dæmi (fylliliðir með hástöfum):

Jón las BÓKINA
Hann kemur frá GRÆNLANDI
Þeir eru líkir HENNI

Oftast fer ákvæðisorð (ákvæðisliður) á undan aðalorði en fylliliður á eftir. Þetta er sýnt hér. Ákvæðisorð og fylliliðir eru höfð innan sviga af því að þau eru ekki nauðsynlegir hlutar setningarliða:

[(ákvæðisorð) – AÐALORÐ – (fylliliður)]
Algengustu tengsl aðalorðs við ákvæðisorð og fylliliði í íslensku.⁴

1.4 Liðgerðarreglur og hríslumyndir

Formgerð setninga og setningarliða, liðgerðinni,⁵ er stundum lýst í regluformi með svonefndum liðgerðarreglum⁶ (stofnhlutareglum). Þær líta t.d. svona út:

⁴ Nú er oft gert ráð fyrir því að allir liðir setningar, svo og setningin í heild, lúti svokölluðu stigveldiskerfi eða X-liðakerfi. Það byggist á því að í hverjum lið séu (eða geti verið) þrjár “hæðir” eða þrjú “stig”. Neðsta hæðin er þá höfuðið, sem getur verið hvaða orðflokkur sem er, og er því táknað með breytunni X í því liðgerðarskema sem notað er til að lýsa þessu. Á næstu hæð fyrir ofan (sem táknuð er X') tengist höfuðið við fyllilið, sem er mismunandi eftir því hvað X er (nafnorð taka t.d. annars konar fylliliði en sagnir). Á þriðju og efstu hæðinni, sem er setningarliðurinn sjálfur og því táknaður XL, tengist svo ákvæðisliður við það sem fyrir er. Eðli ákvæðisliðarins er auðvitað líka misjafnt eftir því hvað X er. Hvorki ákvæðisliður né fylliliður eru skyldubundnir; það er aðeins höfuð liðarins, X, sem verður að vera með. Efri hæðirnar, X' (höfuð með fyllilið) og XL (höfuð og fylliliður með ákvæðislið), eru svo kenndar við höfuðið (sbr. að nafnliður er kenndur við nafnorð, sagnliður við sögn o.s.frv.). Það er vegna þess að höfuðið ákvarðar setningafræðilega eiginleika liðarins í heild; ræður því hvar í setningunni hann getur staðið. Þetta þýðir að höfuðið varpar eiginleikum sínum upp á efri hæðirnar; hvor þeirra um sig er eins konar vörpun af höfuðinu. Efsta hæðin, liðurinn sjálfur, er þá kölluð hámarksvörpun (eða stórlíður) vegna þess að lengra upp í hríslunni ná áhrif höfuðsins ekki. Þetta liðgerðarskema byggist algerlega á tvígreiningu, þ.e. hver kvistur greinist aðeins í tvennt. Það er ekki alltaf augljóst hvernig eigi að fella setningar og setningarliði að því mynstri. Sagnir eins og ‘gefa’ virðast t.d. hafa tvo fylliliði (‘gefa einhverjum eitthvað’), en skemað gerir aðeins ráð fyrir einum. Ýmsir möguleikar eru til að fella slík dæmi að tvígreiningu, en ástæðulaust að fara út í það hér.

S	→	NL SL (FL/AL)
SL	→	so (NL/FL)
NL	→	(LL) no/fn (FL)
LL	→	(AL) lo
FL	→	fs NL
AL	→	(AL) ao

Merking skammstafananna er þessi:

AL	atviksliður
FL	forsetningarliður
LL	lýsingarorðsliður
NL	nafnliður
S	setning
SL	sagnliður

Vinstra megin við örina er sá liður sem verið er að lýsa, en hægra megin við hana er sýnt hvernig hann er (eða getur verið) samsettur. Reglan FL → fs NL merkir þá ‘forsetningarliður er samsettur úr forsetningu og nafnlið’. Forsetning og nafnliður eru þá beinir stofnhlutar⁷ í **forsetningarlið**. Valfrjálsir hlutar, þ.e. þeir sem geta verið með en þurfa þess ekki, eru hafðir innan sviga. Reglan S → NL SL (FL/AL) merkir þá ‘setning er samsett úr **nafnlið** og **sagnlið**, og þar á eftir getur komið forsetningar- eða **atviksliður**’. Sá nafnliður, frumlagsnafnliðurinn, er þá beinn stofnhluti í setningunni, en ef forsetningarliður er einnig með er nafnliðurinn innan hans óbeinn stofnhluti⁸ í setningunni.

Til að lýsa gerð setninga og setningarliða á sjónrænan hátt eru oft notaðar svonefndar hríslur eða hríslumyndir.⁹ Þær fá nafn sitt af því að setningarliðirnir eru þar sýndir sem greinar á tré – að vísu á hvolffi. Hríslan hér að neðan er teiknuð í samræmi við liðgerðarreglurnar að ofan:

⁵ Með liðgerð er átt við það hvernig orð í setningu radast saman í setningarliði, og hvernig liðirnir tengjast síðan og mynda setningu.


⁶ Liðgerðarreglur (stofnhlutareglur) eru lýsing á því hvernig einstakir setningarliðir geta verið samsettir. Þær hafa alltaf að geyma ör (→), og vinstra megin við hana er skammstöfun liðarins sem verið er að lýsa, en hægra megin eru sýndar þær eindir (orð eða liðir) sem hann getur verið samsettur úr. Eindir sem geta verið með en þurfa þess ekki eru þá hafðar innan sviga. Dæmi:

SL	→	so (NL/FL)
----	---	------------

⁷ Beinir stofnhlutar í einhverjum lið eru þær eindir sem hann er samsettur úr, án nokkurra milliliða. Beinir stofnhlutar í forsetningarliðnum ‘hjá þessu litla barni’ eru t.d. forsetningin ‘hjá’ og nafnliðurinn ‘þessu litla barni’. Einstök orð nafnliðarins, þ.e. ‘þessu’, ‘litla’, og ‘barni’, eru hins vegar óbeinir stofnhlutar í forsetningarliðnum.

⁸ Óbeinir stofnhlutar í einhverjum lið eru eindir sem eru hluti liðarins, en taka þó ekki beinan þátt í myndun hans. Í forsetningarliðnum ‘hjá þessu litla barni’ eru einstök orð nafnliðarins, þ.e. ‘þessu’, ‘litla’, og ‘barni’, t.d. óbeinir stofnhlutar í forsetningarliðnum. Beinir stofnhlutar hans eru aðeins forsetningin ‘hjá’ og nafnliðurinn ‘þessu litla barni’ sem heild.

⁹ Í sumum bókum, einkum ‘Málvísi’ eftir Indriða Gíslason, er svonefnd kvíslgreining notuð í sama tilgangi. Þar eru aðalorð setningar höfð á lárétttri línu en ákvæðisorð á skálinum. Lóðrétt lína þvert á þá láréttu skilur milli frumlags og sagnliðar, en lóðrétt lína sem nær niður að þeirri láréttu skilur milli sagnar og andlags. Stór stafur er notaður til að sýna hvert er upphafsorð setningar, en á annan hátt er ekki unnt að sýna orðaröð.



Með því að teikna setningar á þennan hátt er oft auðveldara að átta sig á formgerð þeirra – hvernig þær skiptast í liði, og hvernig liðirnir tengjast innbyrðis. Í einfaldri setningu eins og þeirri sem hér er sýnd skiptir þetta e.t.v. ekki miklu máli, en í flóknari setningum er slík sjónræn framsetning oft lykilatriði til að átta sig á formgerðinni.¹⁰

1.5 Helstu setningarliðir

Helstu gerðir setningarliða eru taldar upp hér á eftir:

NAFNLIÐIR: **aðalorð** þeirra eru NAFNORÐ eða FORNÖFN

Dæmi (aðalorð með hástöfum):

HESTUR (no.)

hvítur (lo.) HESTUR (no.) (lo. ‘hvítur’ er **ákvæðisorð** með aðalorðinu)

HÚN (fn.)

HESTUR (no.) Brynhildar (no. (seinna no. er **fylliliður** (eignarfalls-einkunn) með aðalorðinu)

FORSETNINGARLIÐIR: aðalorð þeirra eru FORSETNINGAR

Dæmi (aðalorð með hástöfum):

UM (fs.) hest (no.) (no. er fylliliður)

FRÁ (fs.) hesti (no.) (no. er fylliliður)

SAGNLIÐIR: aðalorð þeirra eru SAGNIR

Dæmi (aðalorð með hástöfum):

HLEYPUR (so.)

DREKKUR (so.) mysu (no.) (no. er fylliliður)

GEFUR (so.) barninu (no.) mysu (no.) (no. eru fylliliðir)

¹⁰ Á myndinni í textanum er gert ráð fyrir að setningin hafi stigveldisformgerð, þar sem eru nokkrar “hæðir”. Á hverri hæð tengjast einhverjar eindir þá saman í kvisti og þar verða því færri eindir en á hæðinni fyrir neðan. Sé gert ráð fyrir flatrí formgerð kemur ekki fram að tengsl orðanna eru misjafnlega nán.

LÝSINGARORÐSLIÐIR: aðalorð þeirra eru LÝSINGARORÐ

Dæmi (aðalorð með hástöfum):

FALLEGUR (lo.)

mjög (ao.) FALLEGUR (lo.) (ao. er ákvæðisorð)

LÍKUR (lo.) Jóni (no.) (no. er fylliliður)

ATVIKSLIÐIR: aðalorð þeirra eru ATVIKSORÐ

Dæmi (aðalorð með hástöfum):

VEL (ao.)

mjög (ao.) VEL (ao.) (fyrra ao. er ákvæðisorð)

1.6 Fylliliðir

Fylliliðirnir í **1.5** eru einfaldir að gerð. En þeir geta sjálfir verið samsettir eða flóknir að gerð. Þannig geta fylliliðir verið heilar **setningar** og einnig er til í dæminu að orð í fyllilið taki sjálf með sér fylliliði. Dæmi um samsetta eða flókna fylliliði eru sýnd hér á eftir og eru afmarkaðir með hornklofum:

FLÓKNIR FYLLILIÐIR MEÐ NAFNORÐUM:

HUNDUR (no.) með húfu] (**forsetningarliður** fylliliður)

HUNDUR (no.) sem talar] (setning fylliliður)

HUNDUR (no.) Sigríðar [konu [Jónasar]]] ([Sigríðar konu Jónasar] er fylliliður með ‘hundur’, [konu Jónasar] er fylliliður (**viðurlag**) með ‘Sigríðar’, og ‘Jónasar’ er fylliliður (**eignarfalls-einkunn**) með ‘konu’)

FLÓKNIR FYLLILIÐIR MEÐ FORSETNINGUM:¹¹

¹¹ Mörk forsetninga og atviksorða eru oft óglögg. Þannig er því stundum haldið fram að orð sem tákna stefnu eins og ‘fram’, ‘heim’, ‘inn’, ‘út’, ‘upp’, ‘niður’ séu alltaf atviksorð en ekki forsetningar, jafnvel þótt þau geti tekið nafnliði sem fylliliði:

Guðbjörg datt NIÐUR stigann

Hákon gekk FRAM dalinn

Oft er líka sagt að forsetning sem stendur án fallorðs verði að atviksorði, í dæmum eins og þessum:

Báturinn lagðist AÐ (bryggju/landi)

Fiskurinn beit Á (agnið/öngulinn)

Sum smáorð, bæði “dæmigerðar” forsetningar og “dæmigerð” atviksorð, mynda stundum merkingarlega heild með sögnum. Þau standa stundum með fallorði en stjórna samt ekki falli þess. Sem dæmi má nefna ‘til’ og ‘upp’ í eftirfarandi setningum:

Sveinbjörg tók til matinn Sveinbjörg tók matinn til *Sveinbjörg tók til hann

Halldór gerði upp bílinn Halldór gerði bílinn upp *Halldór gerði upp hann

Eins og þessi dæmi sýna getur smáorðið staðið hvort heldur er á undan eða eftir fallorðinu, nema það sé persónufornafn – þá verður smáorðið að koma á eftir. Það er greinilegt að ‘til’ er hér ekki forsetning, því að ‘matinn’ er í þolfalli, en ‘til’ stjórnar eignarfalli. Smáorð með þessum einkennum eru oft kölluð agnir – eða sagnaragnir, vegna merkingarsambands síns við sagnirnar sem þau standa með. Þær sagnir má þá kalla agnarsagnir.

UM (fs.)	[að hann hefði aldrei drukkið lýsi] (setning fylliliður - sbr. ‘Þau töluðu UM [að hann hefði aldrei drukkið lýsi]’)
FRÁ (fs.)	[hundi [með húfu]] ([hundi með húfu] er fylliliður forsetningarinnar ‘frá’, og forsetningarliðurinn [með húfu] er fylliliður með ‘hundi’)

FLÓKNIR FYLLILIÐIR MEÐ SÖGNUM:

TALAR (so.)	[um hesta] (forsetningarliður fylliliður)
TALAR (so.)	[um [hesta [Sigríðar]]] (forsetningarliðurinn [um hesta Sigríðar] er fylliliður sagnarinnar ‘talar’, í þeim lið er nafnliðurinn [hesta Sigríðar] fylliliður forsetningarinnar ‘um’ og í nafnliðnum [hesta Sigríðar] er ‘Sigríðar’ fylliliður með aðalorðinu ‘hesta’)
SEGIR (so.)	[að hann hafi aldrei drukkið lýsi] (setning fylliliður)

FLÓKNIR FYLLILIÐIR MEÐ LÝSINGARORÐUM:

LÍKUR (lo.)	[Jóni [syni [Sigríðar]]] (nafnliðurinn [Jóni syni Sigríðar] er fylliliður með lýsingarorðinu ‘líkur’, nafnorðið ‘Jóni’ tekur með sér nafnliðinn [syni Sigríðar] sem fyllilið og í þeim lið er ‘syni’ aðalorðið og ‘Sigríðar’ fylliliður með því)
-------------	--

Þær sagnir sem taka með sér nafnliði sem fylliliði eru kallaðar áhrifssagnir ef nafnliðirnir eru andlög. Áhrifslausar sagnir taka enga fylliliði eða þá fylliliði sem eru **forsetningarliðir** eða **sagnfyllingar**.

1.7 Ákvæðisliðir

Ákvæðisorð **aðalorða** geta tekið með sér önnur ákvæðisorð þannig að úr verður samsettur ákvæðisliður. Dæmi (þar sem ákvæðisliðir eru afmarkaðir með hornklofum):

ÁKVÆÐISLIÐIR MEÐ NAFNORÐUM:

[[óskaplega] falleg] stúlka (no.) (**lýsingarorðsliðurinn** [óskaplega falleg] er hér ákvæðisliður með nafnorðinu ‘stúlka’, og í lýsingarorðsliðnum er lýsingarorðið ‘falleg’ aðalorðið og atviksorðið ‘óskaplega’ ákvæðisorð með því)¹²

¹² Stundum er formgerð nafnliða brotin meira upp en hér er sýnt, og gert ráð fyrir að þar geti komið við sögu svonefndir ákveðniliðir og magnliðir. Hvort tveggja er í raun og veru eins konar afbrigði eða hlutar nafnliða. Aðalorð eða höfuð ákveðniliðar er greinir eða ábendingarforafn, eins og í eftirfarandi dæmum, þar sem aðalorðið er feitletrað:

[HINN völdugi höfðingi] barðist hetjulega
Ég las [allar ÞESSAR skemmtilegu bækur]
[SÚ undarlega fullyrðing] reyndist sönn
[SÁ] er góður!

Eins og síðasta dæmið sýnir er ákveðniliður stundum bara höfuðið eitt. Sama gildir um magnliði, en höfuðið þar er óákveðið forafn:

ÁKVÆÐISLIÐIR MEÐ LÝSINGARORÐUM:

[mjög [vel]] málaður (lo.) (hér er **atviksliðurinn** [mjög vel] ákvæðisorð með lýsingarorðinu ‘málaður’, en innan þessa **atviksliðar** er ‘vel’ aðalorðið og ‘mjög’ ákvæðisorð með því)

Eins og sést á dæmunum hér á undan felst munur ákvæðisliða og fylliliða einkum í ólíkri setningarlegri stöðu og ólíkum tengslum við aðalorðið:

ÁKVÆÐISLIÐIR (í íslensku) fara yfirleitt á undan aðalorði og sambeygjast því ef þeir eru sjálfir fallorð

FYLLILIÐIR (í íslensku) fara á eftir aðalorði og fall þeirra **stjórnast** af aðalorðinu ef þeir eru sjálfir fallorð

1.8 Ákvæðisliðir og fylliliðir

Þótt merkingarlegt hlutverk flestra liða sem fara á eftir aðalorði og stjórnast af því (þ.e. **fylliliða**) sé oft ólíkt hlutverki þeirra liða sem fara á undan **aðalorði** og sambeygjast því (þ.e. **ákvæðisliða**) er þetta þó ekki alltaf svo. Dæmi (berið saman liðina með hástöfum):

ÞÍNAR bækur bækur KENNARANS

Hér er í báðum tilvikum um **nafnliði** að ræða þar sem aðalorðið er nafnorð. Í fyrra dæminu stendur eignarfornafnið ‘þínar’ með nafnorðinu ‘bækur’ og sambeygist því (er í nf.ft.kvk.). Frá formlegu sjónarmiði virðist ‘þínar’ því vera **ákvæðisliður** með aðalorðinu ‘bækur’, enda kveður það nánar á um hvaða bækur þetta eru. Það gæti þó alveg eins farið á eftir nafnorðinu ‘bækur’ og það væri raunar hin **sjálfgefna orðaröð**, a.m.k. ef nafnorðið væri með greini :

bækur(nar) ÞÍNAR

Vegna sambeygingarinnar virðist þó eðlilegt að kalla þetta ákvæðislið eftir sem áður. – Í dæminu ‘bækur kennarans’ stjórnar aðalorðið ‘bækur’ eignarfallinu á ‘kennarans’, sem fer á eftir því eins og fylliliður ætti að gera. Vegna þessara formlegu tengsla (fallstjórn, staða) virðist eðlilegt að kalla ‘kennarans’ fyllilið fremur en ákvæðislið. Þó er merkingarlegt hlutverk eignarfallsins nánast hið sama og hlutverk eignarfornafnsins, þ.e. að kveða nánar á um hvaða bækur eru til umræðu, enda eru liðir af þessu tagi oft nefndir **eignarfallseinkunnir**.

Á svipaðan hátt hafa **forsetningarliðir** sem standa með nafnorði oft svipað merkingarhlutverk og lýsingarorð:

FREKNÓTT stelpa stelpa MEÐ FREKNUR

Hann skammaði [ALLA] krakkana
[BÁÐIR] eru hraustir

Setningarleg staða og einkenni eru þó greinilega ólík hér. Lýsingarorðið sambeygist nafnorðinu, forsetningarliðurinn ekki. Lýsingarorðið fer á undan nafnorðinu í **sjálfgefinni orðaröð** en forsetningarliðurinn getur það alls ekki. Þess vegna eru forsetningarliðir af þessu tagi taldir með fylliliðum hér, þrátt fyrir merkingarleg líkindi.

Í þriðja lagi má bera lýsingarorð saman við **tilvísunarsetningar** :

VÍÐFÖRULL maður maður [SEM HEFUR FARIÐ VÍÐA]

Enn er merkingarlega hlutverkið hið sama en setningarleg staða og einkenni ólík. Lýsingarorðið fer á undan nafnorðinu í sjálfgefinni orðaröð og sambeygist því. Tilvísunarsetningin hefur engin beygingarleg tengsl við nafnorðið og getur ekki með nokkru móti farið á undan því. Hún hefur því setningarlega stöðu fylliliðar þótt merkingarlegu einkennin minni á ákvæðislið.

2. Setningarstaða einstakra orða

2.1 Yfirlit

Með “setningarlegum einkennum orðs” (eða orðflokks) er einkum átt við tvennt:

hvers konar ákvæðisorð (eða **ákvæðisliði**) og **fylliliði** getur þetta orð (orð af þessum flokki) tekið með sér?
með hvers konar orðum getur þetta orð (orð af þessum flokki) staðið sem ákvæðisorð eða fylliliður?

Dæmi um þetta eru sýnd hér:

NAFNORÐ geta tekið lýsingarorð með sér sem ákvæðisorð:
fallegur (lo.) hundur (no.)

NAFNORÐ geta tekið hliðstæð fornöfn með sér sem ákvæðisorð:
þessi (ábendingarfornafn) hundur (no.)

NAFNORÐ geta tekið önnur nafnorð með sér sem fylliliði:
hús (no.) Maríu (no.)

NAFNORÐ geta tekið **forsetningarliði** með sér sem fylliliði:
hundur (no.) [með húfu] (forsetningarliður)

NAFNORÐ geta tekið setningar með sér sem fylliliði:
hundur (no.) [sem kann ensku] (**tilvísunarsetning**)

LÝSINGARORÐ geta staðið sem ákvæðisorð með nafnorðum:
fallegur (lo.) hundur (no.)

LÝSINGARORÐ geta tekið atviksorð með sér sem ákvæðisorð:
mjög (ao.) fallegur (lo.)

FÁEIN LÝSINGARORÐ geta tekið með sér **nafnliði** sem fylliliði:
líkur (lo.) Jóni (no.)

FÁEIN LÝSINGARORÐ geta tekið með sér **forsetningarliði** sem fylliliði:
hræddur (lo.) [við hunda] (forsetningarliður)

SUMAR SAGNIR taka með sér **nafnliði** sem fylliliði:
sauð (so.) fiskinn (no.)

SUMAR SAGNIR taka með sér forsetningarliði sem fylliliði:
ræddi (so.) [við forsetann] (forsetningarliður)

SUM ATVIKSORÐ (áhersluatviksorð) geta staðið sem ákvæðisorð með öðrum atviksorðum eða lýsingarorðum:
mjög (ao.) vel (ao.)
ákaflega (ao.) latur (lo.)

FORSETNINGAR taka með sér nafnliði sem fylliliði:
á (fs.) borðinu (no.)

SUMAR FORSETNINGAR geta tekið með sér setningar sem fylliliði:
um [að hún hefði drukkið lýsið] (**fallsetning**)

2.2 Ýmis setningarleg einkenni orðflokka

Nokkur frekari dæmi um setningarleg einkenni orðflokka í íslensku eru svo rakin hér:

NAFNORÐ taka með sér viðskeyttan greini :
hestur-inn

VIÐSKEYTTUM GREINI er bætt við nafnorð:
hestur-inn

LAUS GREINIR stendur jafnan á undan lýsingarorði:
hinn (gr.) nýi (lo.) Jón Sigurðsson

SUM ATVIKSORÐ (t.d. háttaratviksorð og staðaratviksorð) fara á eftir **sagnlið** :
Hún hefur hlaupið fallega (ao.)
Hún hefur gert þetta vandlega (ao.)
Hún hefur lesið bókina þar (ao.)

PERSÓNUBEYGD SÖGN er oftast í öðru sæti (= setningarliður nr. 2) í íslenskum setningum:¹³

¹³ Sú regla að persónubeygd sögn sé ekki aftar en í öðru sæti í setningum er nokkuð fóst, en tvennt verður að hafa í huga þegar gildi hennar er skoðað. Í fyrsta lagi miðast hún við setningarliði, en ekki orð. Fjöldi orða sem geta farið á undan persónubeygðri sögn er í sjálfu sér ótakmarkaður, svo framarlega sem þau mynda einn lið, eins og hér sést:

[Allir þessir skemmtilegu málfræðingar sem hafa skrifað svo margar góðar kennslubækur á síðustu árum] VORU hér

Í öðru lagi teljast samtengingar ekki með, hvorki aðaltengingar né aukatengingar, og ekki heldur spurnarliðir í spurnarsetningum:

Guðmundur er farinn en hann KEMUR aftur í kvöld

Jón hefur (so.) komið til Akureyrar
Þangað hefur (so.) Jón aldrei komið

HLIÐSTÆÐ FALLORÐ (fallorð sem standa sem ákvæðisorð) sambeygjast aðalorðinu sem þau standa með:

Litli (kk.et.nf.) drengurinn (kk.et.nf.)

Ég las allar (kvk.ft.þf.) þessar (kvk.ft.þf.) þungu (kvk.ft.nf.) bækur (kvk.ft.nf.)

2.3 Fallstjórn og fallvaldar

Fallstjórn ákvarðar beygingarmynd orðs, í hvaða formi það birtist, og er því mikilvægt viðfangsefni **beygingarfræðinnar**. En vegna þess að fallstjórn felst í áhrifum eins orðs á annað er hún líka setningafræðilegt viðfangsefni. Helstu fallvaldar¹⁴ (fallstjórnendur) eru sagnir (áhrifssagnir) og forsetningar (og atviksorð), en nafnorð og lýsingarorð geta einnig stjórnað falli.

Hér fer á eftir yfirlit um fallvalda í íslensku og helstu einkenni þeirra.

SAGNIR:

Halldór ÞVOÐI sokkana (þf.)

Jóhanna STRÍDDI Þorsteini (þgf.)

Hún SAKNAR einskis (ef.)

Steinunn GAF stelpunni (þgf.) vettlinga (þf.)

Félagið SVIPTI hana (þf.) titlinum (þgf.)

Forstjórinn LOFAÐI Páli (þgf.) vinnunni (þgf.)

Haukur SPURÐI mig (þf.) fréttu (ef.)

Hann ÓSKAÐI þeim (þgf.) alls góðs (ef.)

Guðmund (þf.) VANTAR bókina (þf.)

Stefáni (þgf.) LEIÐIST

Langflestar sagnir í íslensku stjórna þolfalli á **andlagi** sínu, eins og ‘þvo’ og ‘vanta’. Margar sagnir stjórna einnig þágufalli, eins og ‘stríða’ en sárafaar eignarfalli, eins og ‘sakna’. Fjölmargar sagnir stjórna falli á tveimur andlögum, eins og ‘gefa’, ‘svipta’, ‘lofa’, ‘spyrja’ og ‘óska’. Flestar þeirra hafa röðina þágufall – þolfall, eins og ‘gefa’,

Ég veit [að Guðmundur KEMUR aftur í kvöld]

Enginn veit [hvenær Guðmundur KEMUR aftur]

Það kemur þó fyrir að tveir liðir standi á undan sögninni. Þar er einkum um tvær setningagerðir að ræða. Annars vegar er algengt, einkum í talmáli, að atviksorð sem tákna einhvers konar mat mælandans á setningunni komi milli frumlags og sagnar:

Ég auðvitað GAT ekkert gert

Hún kannski HEFUR haldið að þetta væri í lagi

Hér mynda ‘Ég auðvitað’ og ‘Hún kannski’ ekki lið saman, þannig að sögnin er í þriðja sæti. Einnig er nokkuð um að ýmis atviksorð, ekki síst neitunin ‘ekki’, standi milli frumlags og sagnar í sumum tegundum aukasetninga:

Það [sem ég ekki SKIL] er setningafræði

Það var orðið áliðið [þegar hann loksins KOM]

¹⁴ Orð sem valda því að önnur orð í nágrenni þeirra standa í tilteknu falli eru kölluð fallvaldar. Helstu fallvaldarnir eru sagnir og forsetningar, en nafnorð, lýsingarorð og atviksorð geta líka verið fallvaldar.

en hin mynstrin eru sjaldgæf. Sumar sagnir stjórna svo aukafalli á **frumlagi** sínu (eða **frumlagsígildi**), eins og ‘vanta’ og ‘leiðast’.

FORSETNINGAR:

Jóna talaði UM ferðina (þf.)
Jóna sagði FRÁ ferðinni (þgf.)
Jóna hlakkar TIL ferðarinnar (ef.)
Sveinn datt Á magann (þf.)
Sveinn liggur Á maganum (þgf.)
Hann kom MEÐ bátinn (þf.)
Hann kom MEÐ bátnum (þgf.)

Margar forsetningar stjórna þolfalli eins og ‘um’ eða þágufalli eins og ‘frá’, en forsetningar sem stjórna eignarfalli eins og ‘til’ eru fáar. Algengt er að sama forsetningin stjórni bæði þolfalli og þágufalli, eins og ‘á’ og ‘með’ í dæmunum hér að framan. Þá er yfirleitt skýr merkingarmunur á, þannig að þolfallið tákna hreyfingu eða athöfn en þágufallið kyrrstöðu.

NAFNORÐ:

Þetta er HÚS Péturs (ef.)
BÍLLINN hennar Halldóru (ef.) er bilaður
Hann steig á BAK hestinum (þgf.)

Þegar nafnorð stjórna falli á **fylliliðum** er nær alltaf um eignarfall að ræða, sem nefnist þá **eignarfallseinkunn**. Í fáeinum föstum orðasamböndum geta nafnorð þó stjórnað þágufalli, eins og ‘á bak hestinum’. Það gerist því aðeins að **fallvaldurinn** sé sjálfur fallorð forsetningar, og tákni (oftast) líkamshluta.

LÝSINGARORÐ:

Strákurinn er LÍKUR henni (þgf.)
Hann er mér (þgf.) GÓÐUR
Þeir eru mér (þgf.) VINVEITTIR / VINVEITTIR mér

Fáein lýsingarorð geta stjórnað falli, og þá alltaf þágufalli. Stundum stendur þágufallsorðið á undan fallvaldinum og stundum á eftir honum, og stundum kemur hvorttveggja til greina eins og dæmin sýna.

2.4 Afturbeyging

Reglur um notkun afturbeygða fornafnsins ‘sig’ og afturbeygða eignarfornafnsins ‘sinn’ eru nokkuð fastar, þótt í sumum tilvikum ríki nokkurt valfrelsi og munur geti verið á málnotkun manna. Langoftast stendur afturbeygt fornafn annaðhvort sem **andlag** eða fallorð forsetningar og er samvísandi við **frumlag** setningar, eins og hér er sýnt (samvísun táknuð með hástöfum):

HALLGRÍMUR missteig SIG
GUÐBJÖRG greiddi SÉR
STRÁKURINN hljóp heim til SÍN

Í þessum dæmum verður að nota afturbeygt fornafn ef um samvísun á að vera að ræða. Setningin ‘Guðbjörg greiddi henni’ getur ekki merkt að Guðbjörg hafi greitt sjálfri sér, heldur hlýtur að merkja að hún hafi greitt einhverri annari. Sama máli gegnir um samvísun milli frumlags **móðursetningar** og afturbeygðs fornafns í **nafnháttarsetningu** :

GUÐBJÖRG reyndi [að greiða SÉR]
GUÐBJÖRG bað STÍNU [að greiða SÉR]

Þegar andlag er í móðursetningunni getur afturbeygt fornafn í nafnháttarsetningu líka vísað til þess, eins og setningin með ‘biðja’ sýnir. Þá fer það eftir aðstæðum hvernig menn skilja setninguna.

Annars vísar afturbeygt fornafn sjaldan til annars liðar en frumlags, og þá er venjulega hægt að nota persónufornafn í staðinn:

Ég keyrði PÉTRI heim til SÍN/HANS
Ég rétti ÖNNU bókina SÍNA/HENNAR

Afturbeygt fornafn í **aukasetningu** getur stundum vísað til frumlags móðursetningarinnar. Yfirleitt gerist þetta þó því aðeins að í aukasetningunni sé sögn í **viðtengingarhætti**, en ekki ef sögnin er í **framsöguhætti**. Með framsöguhættinum verður að nota persónufornafn, og það er reyndar alltaf hægt með viðtengingarhættinum líka, eins og hér sést:

SVEINN vonar [að Björg tali við SIG á ballinu]
SVEINN vonar [að Björg tali við HANN á ballinu]
*SVEINN veit [að Björg talar við SIG á ballinu]
SVEINN veit [að Björg talar við HANN á ballinu]

Stundum stendur fornafnið ‘sjálfur’ með afturbeygða fornafninu og hefur áhrif á túlkun þess. Sambandið ‘sjálfan sig’ getur þannig aldrei vísað yfir setningaskil, þ.e. úr aukasetningu í móðursetningu. Í eftirfarandi dæmi getur ‘sjálfa sig’ því aðeins átt við frumlag aukasetningarinnar, ‘Björg’, en ekki frumlag aðalsetningar, ‘María’:

MARÍA vonar [að BJÖRG tali við SJÁLFA SIG á ballinu]

Vegna þessarar hegðunar er ‘sjálfan sig’ stundum talið sjálfstætt (tvíyrt) fornafn.

2.5 Tvíyrt fornöfn

Gagnverkandi fornafnið ‘hvor/hver annan’ og sambandið ‘hvor/hver sinn’ / ‘sinn hvor/hver’ eiga ýmislegt sameiginlegt. Þau eru bæði gerð af orðinu ‘hvor’ (sem vísar til tveggja) og ‘hver’ (sem vísar til fleiri en tveggja) og öðru fornafni, og mætti því

kalla þau tvíyrt fornöfn.¹⁵ Liðirnir tveir tengjast merkingarlega, eru samvísandi, en hafa mismunandi setningarstöðu.

Í sambandi ‘hver/hvor’ og ‘sinn’ stendur ‘hvor/hver’ ýmist næst á eftir **umsögninni**, eins og í sambandi við ‘annar’ (‘hver sína bók’), eða á eftir **nafnliðnum** með ‘sinn’ (‘sína bókina hver’). Í fyrrnefndu orðaröðinni er nafnorðið sem ‘sinn’ stendur með venjulega án greinis, en alltaf með greini í síðarnefndu orðaröðinni. Dæmi:

Strákarnir klöguðu HVOR (nf.) ANNAN (þf.)
Stelpurnar hæddust HVER (nf.) að ANNARRI (þgf.)
Strákarnir eiga SÍNA bókina (þf.) HVER (nf.) / HVER SÍNA bók
Stelpurnar eru skotnar í SÍNUM stráknum (þgf.) HVOR (nf.) / HVOR í SÍNUM strák

Hér sambeygist ‘hvor’/‘hver’ **frumlaginu** í kyni, tölu og falli, og stendur því yfirleitt í nefnifalli (nema þegar það stendur með **frumlagsígildi**). Hinn liðurinn, ‘annar’ og ‘sinn’, stendur einnig í sama kyni og tölu og frumlagið, en hefur annan **fallvald** (fallstjórnanda, yfirleitt sögn eða forsetningu, og stendur því í aukafalli.

Þannig stjórnar sögnin ‘klaga’ í fyrstu setningunni hér að framan þolfalli á ‘annan’, forsetningin ‘að’ í næstu setningu stjórnar þágufalli á ‘annarri’, í þriðju setningunni stjórnar sögnin ‘eiga’ þolfalli á ‘sína bók(ina)’, og í síðustu setningunni stjórnar forsetningin ‘í’ þágufalli á ‘sínnum strák(num)’.

Í nútímamáli kemur fram í báðum samböndum tilhneiging til breyttrar beygingar og setningarstöðu. Svo virðist sem þau séu að breytast úr orðasamböndum í eins konar samsett orð, þar sem ‘hvor’ stendur með ‘annan’/‘sinn’ og sambeygist því í falli í stað frumlagsins, eins og hér er sýnt:

Strákarnir klöguðu HVORN (þf.) ANNAN (þf.)
Stelpurnar hæddust að HVERRI (nf.) ANNARRI (þgf.)
Strákarnir eiga SÍNHVERJA/SITTHVERJA/SITTHVORA (þf.) bókina (þf.)
Stelpurnar eru skotnar í SÍNHVORUM/SITTHVORUM (þgf.) stráknum (þgf.)

Þessi málnotkun er mjög útbreidd í talmáli en þykir ekki hæfa í formlegu málsniði og er oft talin rangt mál þótt hún sé vissulega orðin málvenja margra.

¹⁵ Fáein fornöfn eru mynduð af tveimur orðum sem ekki þurfa að standa saman í setningu og standa hvort í sínu falli, en mynda samt merkingarlega heild. Þetta má kalla tvíyrt fornöfn. Þau helstu eru ‘hvor annar’, eins og í ‘Þeir töluðu hvor um annan’, og ‘sinn hvor’/‘hvor sinn’, eins og í ‘Þær eiga sinn hestinn hvor’/ ‘Þær eiga hvor sinn hest’.

3. Sagnir og sagnasambönd

3.1 Yfirlit

Sögnin er miðpunktur hvernar setningar, og form og hegðun sagnarinnar hefur margvísleg áhrif á setninguna í heild. Lýsing á beygingarmyndum sagna er vitaskuld á verksviði **beygingarfræðinnar**, og ýmis áhrif sagnar á setningagerð eru viðfangsefni **merkingarfræði**. En vegna þess að setningafræðin lýsir formlegum tengslum milli orða og áhrifum eins orðs á annað fellur það í hlut hennar að gera grein fyrir ýmsum sagnasamböndum. Þar má nefna samsetta beygingu eins og horf og að nokkru leyti tíð og mynd, en einnig er háttur að nokkru leyti setningafræðilegt viðfangsefni vegna þess að val háttar ræðst oft af setningafræðilegum atriðum.

3.2 Umsögn

Í mörgum setningafræðibókum er talað um umsögn. Þá er venjulega átt við aðalsögn setningar en oft einnig þær **hjálparsagnir** sem fylgja henni. Umsögnin segir hvað **frumlagið** og **andlagið** gera, fá, verða að þola o.s.frv., allt eftir því hver merking aðalsagnarinnar er. Dæmi (umsögn með hástöfum):

Presturinn BRAUT brauðið
Kálfurinn DRAKK mjólkina
Hún HELDUR að þetta DUGI
Þær HAFA LOKIÐ leiknum

Í síðasta dæminu er hjálparsögn og bæði hún og aðalsögnin auðkenndar eins og um eina umsögn væri að ræða. Það er þó ekki alltaf gert, enda myndar aðalsögnin sérstakan **sagnlið** í slíkum dæmum, ásamt **fillilið** sínum ef um það er að ræða (hér er fylliliðurinn **andlag** en hann gæti líka verið **sagnfylling** eða **forsetningarliður**).¹⁶

Þegar engin hjálparsögn er í setningunni gegnir aðalsögnin ein öllum málfræðilegum og merkingarlegum hlutverkum umsagnarinnar: Hún lagar sig að frumlaginu í persónu og tölu (ef **frumlagið** er í nefnifalli), setur frumlagi og andlagi merkingarlegar skorður (ákvarðar merkingarhlutverk þeirra) og stjórnar falli á andlaginu ef því er að skipta. Tíðbeyging kemur þá einnig fram á aðalsögninni. Dæmi (aðalsögn með hástöfum):

Ég (1.p.et.) LÝK (1.p.et.nt.) mjólkinni (þgf.)
Við (1.p.ft.) DRUKKUM (1.p.ft.pt.) mjólkina (þf.)

¹⁶ Stundum tekur ein og sama hjálparsögnin með sér tvær (eða fleiri) aðalsagnir, eins og hér er sýnt:

Hún HEFUR SOÐIÐ fiskinn og BORÐAÐ hann síðan
Þeir MUNU VAKNA snemma og LEGGJA strax af stað

Þá er seinni aðalsögnin stundum kölluð ófullkomin umsögn, vegna þess að hún er ekki í persónuhætti. Einnig má líta svo á að hér sé um að ræða tvær hliðskipaðar setningar í hvoru dæmi, sú seinni liðfelld.

Hér sést að aðalsögnin lagar sig að frumlaginu í persónu og tölu, stendur ýmist í nútíð ('lýk') eða þátíð ('drukkum'). Sem dæmi um merkingarlegar skorður sem aðalsagnir setja frumlagi sínu og andlagi má nefna að sögnin 'ljúka' getur aðeins tekið með sér frumlag sem táknar eitthvað lifandi og sögnin 'drekka' getur aðeins tekið með sér andlag sem táknar eitthvað fljótandi og drekkanlegt. Þannig verður það tóm merkingarleysa að segja 'Mjólkin lauk mér' eða 'Við drukkum bókina'.

3.3 Hjálparsagnir

Þegar hjálparsögn er í setningunni er það hún sem lagar sig að **frumlaginu** í persónu og tölu og á henni kemur tíðbeygingin fram en aðalsögnin kemur fram í fallhætti (nafnhætti eða lýsingarhætti) og felur eftir sem áður í sér aðalmerkingu setningarinnar, setur frumlagi og **andlagi** merkingarlegar skorður og stjórnar áfram falli á andlaginu ef því er að skipta. Dæmi (hjálparsögn og aðalsögn með hástöfum):

Ég (1.p.et.) MUN (1.p.et.nt.) LJÚKA (nh.) mjólkinni (þgf.)
Ég (1.p.et.) HEF (1.p.et.nt.) LOKIÐ (lh.) mjólkinni (þgf.)
Ég (1.p.et.) HAFÐI (1.p.et.pt.) LOKIÐ (lh.) mjólkinni (þgf.)
Við (1.p.ft.) MUNUM (1.p.ft.nt.) DREKKA (nh.) mjólkina (þf.)
Við (1.p.ft.) HÖFÐUM (1.p.ft.pt.) DRUKKIÐ (lh.) mjólkina (þf.)

Hér tekur hjálparsögnin 'munu' með sér nafnhátt af aðalsögninni en hjálparsögnin 'hafa' lýsingarhátt. (Sá lýsingarháttur er kallaður lýsingarháttur þátíðar, en það er vegna þess hvernig hann er myndaður og tengist ekkert tíðarmerkingu setningarinnar. Tíðarmerking setningarinnar kemur fram á hjálparsögninni eins og sjá má á dæmunum hér á undan og hefur engin áhrif á form aðalsagnarinnar.) En hjálparsagnir setja frumlagi og andlagi setningarinnar engar merkingarlegar skorður. Þannig getur hvers konar frumlag sem er verið í setningu þar sem hjálparsögnin er 'hafa' og sama á við um setningar með hjálparsögninni 'munu'. Það er aðalsögnin sem setur frumlagi og andlagi merkingarlegar skorður.¹⁷

Stundum er fleiri en ein hjálparsögn í setningu og þá kemur persónu-, tölu- og tíðbeyging aðeins fram á þeirri fyrstu og hver hjálparsögn um sig ræður formi þeirrar sagnar sem á eftir henni kemur. Dæmi:

Þær (3.p.ft.) MUNU (3.p.ft.nt.) HAFA (nh.) LOKIÐ (lh.) mjólkinni (þgf.)

¹⁷ Þær merkingarlegu kröfur sem sögn gerir til rökliða sinna eru kallaðar valhömlur sagnarinnar; þetta eru hömlur á það hvers konar frumlag og andlag hægt er að velja með sögninni. Setningarnar 'MJÓLKIN hefur LEKIÐ úr fernunni', 'MJÓLKIN mun LEKA úr fernunni', 'KÁLFURINN hefur DRUKKIÐ mjólkina' eru til dæmis allar góðar, af því að aðalsögnin 'leka' getur tekið 'mjólk' sem frumlag og aðalsögnin 'drekka' getur tekið 'kálfr' sem frumlag, en '\$MJÓLKIN hefur DRUKKIÐ kálfrinn' og '\$KÁLFURINN mun LEKA úr fernunni' eru merkingarlega ótækar setningar. Það er augljóslega ekki af því að hjálparsagnirnar 'hafa' og 'munu' geti ekki tekið 'mjólk' eða 'kálfr' sem frumlag heldur af því að aðalsögnin 'drekka' getur ekki tekið 'mjólk' sem frumlag og aðalsögnin 'leka' getur ekki tekið 'kálfr' sem frumlag (þ.e. mjólk getur ekki drukkist og kálfr getur ekki lekið (a.m.k. ekki á sama hátt og mjólk!)).

Hér lagar hjálparsögnin ‘munu’ sig að **frumlaginu** í persónu og tölu og stendur í nútíð. Hún ræður svo forminu (nafnhættinum) á hjálparsögninni ‘hafa’, hjálparsögnin hafa ræður forminu (lýsingarhættinum) á aðalsögninni ‘lokið’, og aðalsögnin lokið stjórnar fallinu á **andlaginu** ‘mjólkinni’.

3.4 Nafnháttarsetningar og hjálparsagnasambönd

Setningar með hjálparsögn sem tekur með sér nafnhátt líkjast býsna mikið setningum þar sem sögn tekur með sér **nafnháttarsetningu** sem **andlag**. Helsti munurinn er þessi:

1. Aðalsagnir, eins og ‘reyna’, setja frumlagi sínu (og andlagi) merkingarlegar skorður en það gera hjálparsagnir ekki.
2. Aðalsagnir, eins og ‘reyna’, ráða falli á frumlagi sínu en það gera hjálparsagnir ekki.

Frumlag sagnarinnar ‘reyna’ þarf að hafa tiltekið merkingarhlutverk, vera lifandi vera sem er gerandi, en merkingarhlutverk frumlagsins í setningu með hjálparsögn ákvarðast af aðalsögninni. Á svipaðan hátt má segja að nafnháttarsetningin sem er andlag með ‘reyna’ verði að tákna eitthvað sem “hægt er að reyna”, þ.e. eitthvað sem menn geta hugsanlega ráðið við, en engin slík takmörk eiga við um þau nafnháttarsambönd sem hjálparsagnir á borð við ‘munu’ taka með sér. Þannig er fullkomlega eðlilegt að segja ‘Davíð reyndi að vera rólegur’, því margir geta haft stjórn á skapi sínu, en merkingarlega óeðlilegt að segja ‘Davíð reyndi að vera tveir metrar á hæð’, því enginn ræður hæð sinni. Aftur á móti er ekkert merkingarlega óeðlilegt við setningarnar ‘Davíð mun vera rólegur’ og ‘Davíð mun vera tveir metrar á hæð’ (þótt þær kunni hins vegar að vera ósannar).

Ef hjálparsögn stendur með aðalsögn sem tekur með sér **frumlag** í aukafalli (aukafallsfrumlag, **frumlagsígildi**) ræður aðalsögnin eftir sem áður falli frumlagsins. Þannig er eðlilegt að segja ‘GUÐMUND (þf.) hefur VANTAÐ peninga’ og ‘ÞÉR (þgf.) mun ekki LEIÐAST í Drangey’ af því að aðalsögnin ‘vanta’ tekur með sér þolfallsfrumlag (‘Guðmund (þf.) vantar peninga’) og aðalsögnin ‘leiðast’ tekur með sér þágufallsfrumlag (‘Þér leiðist ekki í Drangey’). Hvorugt þessara nafnháttarsambanda virðist ganga með aðalsögninni ‘reyna’ af merkingarlegum ástæðum og þar er a.m.k. alveg augljóst að ekki er hægt að láta sagnirnar ‘vanta’ og ‘leiðast’ ráða falli á frumlagi aðalsagnarinnar ‘reyna’ í samböndum af því tagi. Þannig eru eftirfarandi setningar alveg ótækar: ‘*Guðmund reyndi að vanta peninga’, ‘*Þér reyndi að leiðast ekki í Drangey’.¹⁸

¹⁸ Svonefndar háttarsagnir eru fyrst og fremst núpálegu sagnirnar ‘eiga’, ‘kunna’, ‘mega’, ‘vilja’, ‘þurfa’, auk hjálparsagnanna ‘munu’ og ‘skulu’. Þær eru stundum notaðar eins og hjálparsagnir fremur en aðalsagnir. Þá er það aðalsögnin í eftirfarandi nafnháttarsambandi sem setur frumlagi þeirra merkingarlegar skorður og ræður falli þess. Dæmi:

MIG (þf.) á ekki [að VANTA peninga]
ÞÉR (þgf.) kann [að LEIÐAST í Drangey]
HONUM (þgf.) má þá [GANGA illa]
YKKUR (þf.) vill oft [SKORTA þolinmæði]

3.5 Rökliðir og merkingarhlutverk

Umsagnir eru oft flokkaðar eftir því hversu marga rökliði¹⁹ þær taka. Sumar sagnir eru einrúmar,²⁰ taka bara einn röklið, sem gegnir þá hlutverki **frumlags** (eða **frumlagsígildi**), eins og ‘hlæja’. Aðrar eru tvírúmar,²¹ taka tvo rökliði, frumlag (eða frumlagsígildi) og **andlag**, eins og ‘slá’. Enn aðrar sagnir eru þrírúmar,²² taka þrjá rökliði, frumlag, andlag og óbeint andlag, eins og ‘gefa’.

Friðrik (frumlag) HLÆR

Þorbjörgu (frumlag/frumlagsígildi) LEIÐIST

Guðrún (frumlag) SLÓ garðinn (andlag)

Sigurð (frumlag/frumlagsígildi) VANTAR vinnu (andlag)

Sveinn (frumlag) GAF stráknum (óbeint andlag) peninga (andlag)

Augljóslega er ekki tilviljanakennt hversu marga rökliði hver sögn hefur. Það er t.d. ekki auðvelt að ímynda sér eitthvert andlag með sögninni ‘hlæja’, því að merking hennar býður ekki upp á neitt slíkt.²³

HENNI (þgf.) þyrfti [að BATNA sem fyrst]

Sem aðalsagnir taka þessar sagnir allar með sér frumlag í nefnifalli (og andlag í þolfalli):

ÉG (nf.) Á ekki peninga

ÞÚ (nf.) KANNT kvæðið Illugadrápu

HANN (nf.) MÁ þetta ekki

ÞIÐ (nf.) VILJID fransbrauð

HÚN (nf.) ÞARF nýjan hitamæli

Þegar þessar sagnir taka með sér nafnháttarsambönd er merking málgreinanna oft tvíræð: Í annari merkingunni líkjust þessar sagnir meira hjálparsögnum en aðalsögnum. Dæmi:

Hann kann að lesa þetta kvæði

Hjálparsagnarmerking: ‘Það getur verið að hann lesi þetta kvæði’ (sbr. ‘Þér kann að leiðast í Drangey’ = ‘Það getur verið að þér leiðist í Drangey’). Aðalsagnarmerking: ‘Hann hefur kunnáttu til að lesa þetta kvæði’ (sbr. ‘Hann kann marga hluti’). Líklega er þó yfirleitt ljóst af samhenginu hvor merkingin á við.

¹⁹ Rökliðir sagnar eru þeir setningarliðir (venjulega nafnliðir) sem tákna þátttakendur (gerendur, þolendur o.s.frv.) í þeirri athöfn eða því ástandi sem sögnin lýsir. Sagnir hafa yfirleitt a.m.k. einn röklið, sem þá er frumlag. Meginhluti sagna hefur tvo rökliði, frumlag og andlag; og sumar sagnir hafa þrjá rökliði. Stundum eru rökliðir flokkaðir eftir því hvort þeir standa innan eða utan sagnliðar, og frumlag þá kallað ytri rökliður en andlög innri rökliðir.

²⁰ Þær umsagnir sem taka aðeins einn röklið eru kallaðar einrúmar. Þetta eru sagnir eins og ‘vinna’, ‘sofa’, ‘hósta’ og aðrar slíkar sem aðeins hafa frumlag en ekki andlag.

²¹ Þær umsagnir sem taka tvo rökliði eru kallaðar einrúmar. Þetta eru sagnir eins og ‘berja’, ‘hjálpa’, ‘kyssa’ og aðrar slíkar sem bæði hafa frumlag og andlag.

²² Þær umsagnir sem taka þrjá rökliði eru kallaðar þrírúmar. Þetta eru sagnir eins og ‘gefa’, ‘lofa’, ‘svipta’ og aðrar slíkar sem hafa frumlag og tvö andlög (oft er þó annað andlagið valfrjálst, þ.e. þarf ekki að vera með).

²³ Stundum eru svonefndir flokkunarrámmar notaðir til að lýsa undirflokkun sagna eftir því hversu marga rökliði þær taka (rökformgerð sagnanna). Flokkunarrámmar sagnanna ‘hlæja’, ‘slá’ og ‘gefa’ eru þá settir upp á þennan hátt:

hlæja: [SL ___]

slá: [SL ___ NL]

gefa: [SL ___ (NL) NL]

Hér mynda hornklofarnir flokkunarrámma, sem tákna sagnliðinn í heild. Lárétta strikið tákna stöðu sagnarinnar. Þessir flokkunarrámma sýna því að sögnin ‘hlæja’ gengur inn í sagnlið þar sem ekkert annað er en hún sjálf; sögnin ‘slá’ gengur inn í sagnlið þar sem nafnliður fer á eftir henni, þ.e. andlagið; og sögnin ‘gefa’ gengur inn í sagnlið þar sem tveir nafnliðir fara á eftir. Sviginn utan um þann fyrri sýnir að óbeina andlagið þarf ekki að vera með; bæði er hægt að segja ‘gefa eitthvað’ og ‘gefa einhverjum eitthvað’.

Sögnum fylgja með öðrum orðum misjafnlega mörg merkingarhlutverk. Sögninni ‘hlæja’ fylgir aðeins eitt merkingarhlutverk, hlutverk þess sem hlær; gerandans.²⁴ Sögninni ‘slá’ fylgja tvö merkingarhlutverk, hlutverk þess sem slær og þess sem sleginn er, þolandans (sem stundum er einnig nefndur þema²⁵). Sögninni ‘gefa’ fylgja þrjú merkingarhlutverk, þ.e. hlutverk þess sem gefur og þess sem er gefinn, og svo hlutverk þess sem gjöfina fær, marksins (sem stundum er einnig nefndur þiggjandi²⁶). Frumlag í þolfalli eða þágufalli (frumlagsígildi) gegnir oftast hlutverki reynanda (sem stundum er einnig nefndur skynjandi²⁷).

Hér tengjast því setningafræði og **merkingarfræði** nánnum böndum. Merking sagnar ræður því hversu mörg merkingarhlutverk fylgja henni, en hlutverkin þurfa síðan leikendur – rökliðina. Fjöldi þeirra er eitt grundvallaratriði í gerð setningarinnar og því að sjálfsögðu viðfangsefni setningafræðinnar. Beygingarfræðin blandast hér líka inn í, því að ákveðin tengsl eru milli merkingarhlutverka og falla. Gerandi er t.d. alltaf í nefnifalli, reynandi oft í þágufalli o.s.frv.

3.6 Tíð

Það er misjafnt hversu margar tíðir íslenskar sagnir eru taldar hafa. Ljóst er að þær eru a.m.k. tvær, nútíð og þátíð, en í sumum bókum er gert ráð fyrir þremur og allt að sex tíðum til viðbótar. Það eru núliðin tíð,²⁸ þáliðin tíð,²⁹ framtíð, þáframtíð,³⁰ skildagatíð³¹ og þáskildagatíð.³² Þetta eru allt orðasambönd, sambönd **aðalsagnar** í

²⁴ Margar sagnir sem hafa vegna merkingar sinnar aðeins eitt merkingarhlutverk geta þó haft bæði frumlag og andlag. Sem dæmi má nefna ‘Hann hló dimmum hlátri’, ‘Hún svaf djúpum svefni’ o.fl. Þarna er andlagið leitt af sömu rót og sögnin og þjónar þeim tilgangi að lýsa nánar verknaðinum sem í sögninni felst, en er ekki eiginlegur rökliður.

²⁵ Þema er eitt af merkingarhlutverkum sagna. Orðið er oftast notað í svipaðri merkingu og þolandi, þ.e. um þann eða það sem verður fyrir einhvers konar áhrifum af þeirri athöfn eða því ástandi sem sögnin lýsir.

²⁶ Þiggjandi er eitt af merkingarhlutverkum sagna. Orðið er oftast notað í svipaðri merkingu og mark, þ.e. um viðtakanda eða ákvörðunarstað þeirrar hreyfingar eða tilfærslu sem sögnin lýsir.

²⁷ Skynjandi er eitt af merkingarhlutverkum sagna. Orðið er oftast notað í sömu merkingu og reynandi, þ.e. um þann sem finnur eða skynjar eitthvað á sjálfum sér, fremur en vera virkur gerandi.

²⁸ Samband hjálparsagnarinnar ‘hafa’ í nútíð og lýsingarháttar þátíðar af aðalsögn, eins og ‘Ég hef lesið þessa bók’, er kallað núliðin tíð í mörgum íslenskum málfræðibókum. Þetta orðasamband hefur þó talsvert annað eðli en ósamsettu tíðirnar tvær, nútíð og þátíð; táknar dvöl í tíma fremur en afstöðu í tíma. Að mörgu leyti er núliðin tíð (eins og þáliðin tíð) því skyldari horfi en tíð.

²⁹ Samband hjálparsagnarinnar ‘hafa’ í þátíð og lýsingarháttar þátíðar af aðalsögn, eins og ‘Ég hafði lesið þessa bók’, er kallað þáliðin tíð í mörgum íslenskum málfræðibókum. Þetta orðasamband hefur þó talsvert annað eðli en ósamsettu tíðirnar tvær, nútíð og þátíð; táknar dvöl í tíma fremur en afstöðu í tíma. Að mörgu leyti er þáliðin tíð (eins og núliðin tíð) því skyldari horfi en tíð.

³⁰ Samband hjálparsagnarinnar ‘munu’ í nútíð, hjálparsagnarinnar ‘hafa’ í nafnhætti og lýsingarháttar þátíðar af aðalsögn, eins og ‘Ég mun hafa lesið þessa bók’, er kallað þáframtíð í sumum íslenskum málfræðibókum. Þetta orðasamband hefur þó talsvert annað eðli en ósamsettu tíðirnar tvær, nútíð og þátíð; táknar oftast afstöðu eða viðhorf mælandans fremur en afstöðu í tíma. Að mörgu leyti er þáframtíð (eins og skildagatíð og þáskildagatíð) því skyldari hætti en tíð.

³¹ Samband hjálparsagnarinnar ‘munu’ í þátíð og nafnháttar af aðalsögn, eins og ‘Ég mundi lesa þessa bók’, er kallað skildagatíð í sumum íslenskum málfræðibókum. Þetta orðasamband hefur þó talsvert annað eðli en ósamsettu tíðirnar tvær, nútíð og þátíð; táknar oftast afstöðu eða viðhorf mælandans

nafnhætti eða lýsingarhætti þátíðar og einnar eða fleiri hjálparsagna í persónuhætti. Dæmi eru sýnd hér:

Ég hef lesið bókina	(núliðin tíð)	hafa í nt.	+ aðalsögn
Ég hafði lesið bókina	(þáliðin tíð)	hafa í þt.	+ aðalsögn
Ég mun lesa bókina	(fram tíð)	munu í nt.	+ aðalsögn
Ég mun hafa lesið bókina	(þáfram tíð)	munu í nt.	+ hafa + aðalsögn
Ég mundi lesa bókina	(skildagatíð)	munu í þt.	+ aðalsögn
Ég mundi hafa lesið bókina	(þáskildagatíð)	munu í þt.	+ hafa + aðalsögn

Frá formlegu sjónarmiði eru þessi samsetta beyging því annars eðlis en ósamsettu tíðirnar nútíð og þátíð, sem koma aðeins fram í formi aðalsagnarinnar sjálfrar. Frá sjónarmiði merkingarfræðinnar er líka hæpið að kalla þessi orðasambönd tíðir, því að þau tákna í raun ekki afstöðu í tíma. Tvö þeirra, núliðin tíð og þáliðin tíð, tákna fremur dvöl í tíma og eru oft flokkuð sem **horf**. Hin fjögur tákna oftast einhvers konar afstöðu eða viðhorf og eiga því merkingarlega fremur skylt við hátt en tíð.

Hin svokallaða fram tíð með ‘munu’ táknar oftast fyrirætlun, spá eða einhvers konar mat, t.d. ‘Hún mun koma á morgun’, ‘Hann mun vera hraustur’. Til að ræða um óorðna atburði sem ekki leikur sérstakur vafi á er fremur notuð einföld nútíð; ‘Ég les bókina á morgun’, ‘Hún kemur á morgun’. Svipað er að segja um þáfram tíð; hún táknar yfirleitt ekki ‘eitthvað sem verður liðið í fram tíðinni’, heldur er notuð til að draga úr krafti fullyrðingar, láta í ljós vafa, slá einhverju föstu eða eitthvað slíkt.

Skildagatíð og þáskildagatíð vísa ekki heldur til tíma, heldur tákna að sú athöfn sem setningin lýsir er eða var háð einhverju skilyrði (skildaga), og því fylgir oft **skilyrðis-setning** þessum samböndum: ‘Ég mundi lesa bókina ef ég gæti’ og ‘Ég mundi hafa lesið bókina ef ég hefði getað’. Reyndar er rétt að nefna að þessi sambönd þykja oft fara illa í málinu, og betra að nota **viðtengingarhátt** þátíðar í stað þeirra; ‘Ég læsi bókina ef ég gæti’ og ‘Ég hefði lesið bókina ef ég hefði getað’.

Hér verður því haldið fast við það að raunverulegar tíðir í íslensku séu aðeins tvær; nútíð og þátíð.

3.7 Horf

Í íslensku kemur horf eingöngu fram sem samsett beyging, samband aðalsagnar og **hjálparsagnar** (eða hjálparsagna). Undir horf eru flokkuð nokkur sagnasambönd sem tákna á kerfisbundinn hátt stöðu þess verknadar sem aðalsögnin felur í sér. Það á sér ekki langa hefð í íslenskum málfræðibókum að fjalla sérstaklega um horf, og þess

fremur en afstöðu í tíma. Að mörgu leyti er skildagatíð (eins og þáfram tíð og þáskildagatíð) því skyldari hætti en tíð.

³² Samband hjálparsagnarinnar ‘munu’ í þátíð, hjálparsagnarinnar ‘hafa’ í nafnhætti og lýsingarháttar þátíðar af aðalsögn, eins og ‘Ég mundi hafa lesið þessa bók’, er kallað þáskildagatíð í sumum íslenskum málfræðibókum. Þetta orðasamband hefur þó talsvert annað eðli en ósamsettu tíðirnar tvær, nútíð og þátíð; táknar oftast afstöðu eða viðhorf mælandans fremur en afstöðu í tíma. Að mörgu leyti er þáskildagatíð (eins og skildagatíð og þáfram tíð) því skyldari hætti en tíð.

vegna er nokkuð á reiki hvaða sambönd eru talin til þess. Hér verður gert ráð fyrir þremur; það eru lokið horf (stundum greint í lokið horf I og II), ólokið horf (einnig nefnt dvalarhorf)³³ og byrjunarhorf.³⁴ Lokið horf I er það sem oft er nefnt **núliðin** og **þáliðin tíð**. Dæmi:

Ég hef lesið bókina	(lokið horf I)	hafa		+ aðalsögn
Ég er búinn að lesa bókina	(lokið horf II)	vera búinn	+ að	+ aðalsögn
Ég er að lesa bókina	(ólokið horf)	vera	+ að	+ aðalsögn
Ég fer að lesa bókina	(byrjunarhorf)	fara	+ að	+ aðalsögn

Horf tákna stöðu þess verknaðar sem felst í aðalsögninni, hvort honum er lokið, hann stendur yfir, eða er ekki hafinn. Annars er merking sagnasambanda af þessu tagi mjög fjölbreytt og fer m.a. eftir tíð hjálparsagnarinnar. Þótt ólokið horf vísi oft til verknaðar sem stendur (eða stóð) yfir, eins og í dæminu hér að ofan, getur það einnig táknað að verknaðurinn sé rétt óorðinn eða honum sé nýlokið: ‘Hann er (alveg) að fara’, ‘Hún var (rétt) að sofna’. Á síðustu árum virðist notkun lokins horfs í stað þátíðar hafa færst í vöxt, ekki síst í íþróttamáli; ‘Þeir hafa verið að spila illa’, ‘Við vorum að standa okkur mjög vel’.

Talað er um samsett horf³⁵ þegar tvö eða fleiri framangreindra sambanda eru notuð saman. Slíkt er einkum algengt í talmáli. Merking þessara sambanda er fjölbreytt og mjög háð samhengi. Ekki geta öll horf komið fyrir saman, en fastar reglur gilda um innbyrðis röð sagna í þeim samböndum sem fyrir koma. Þannig kemur sögnin ‘hafa’ sem myndar lokið horf I alltaf fyrst, síðan ‘vera’ (eða ‘verða’) sem myndar dvalarhorf, þá ‘fara’ sem myndar byrjunarhorf, og loks ‘vera (verða) búinn’ sem myndar lokið horf II. Helsta undantekningin er sú að lokið horf II getur farið á undan dvalarhorfi; ‘Hann er búinn að vera að vinna (í allan dag)’. Dæmi um önnur helstu sambönd eru hér:

	Lokið horf I	Dvalarhorf	Byrjunarhorf	Lokið horf II	Aðalsögn
Hann	hefur			verið búinn	að vinna
Hann	hefur		farið		að vinna
Hann	hefur	verið			að vinna
Hann		er		að verða búinn	að vinna
Hann			fer	að verða búinn	að vinna
Hann		er	að fara		að vinna
Hann		er	að fara	að verða búinn	að vinna

³³ Orðið dvalarhorf er stundum notað um það sem annars er kallað ólokið horf. Þar er átt við samband hjálparsagnarinnar ‘vera’ og nafnháttar af aðalsögn til að tákna að sá verknaður sem aðalsögnin lýsir standi yfir, eins og ‘Sigga er að lesa bókina’.

³⁴ Með byrjunarhorfi er átt við samband sagnarinnar ‘fara’ og nafnháttar af aðalsögn, eins og ‘Hann fór að sofa’, ‘Ég fer að slá blettinn’. Í slíkum samböndum tákna sögnin ‘fara’ ekki hreyfingu milli staða, þótt það sé annars grunnmerking hennar, heldur vísar hún til þess að sá verknaður eða athöfn sem aðalsögnin felur í sér sé að hefjast.

³⁵ Með samsettu horfi er átt við það að tvö eða fleiri horf (lokið horf, ólokið horf, byrjunarhorf) séu tengd saman til að ná fram fjölbreyttum merkingarblæbrigðum. Þetta eru dæmi eins og ‘Hann hefur farið að vinna’, ‘Hann er að fara að vinna’, o.s.frv.

3.8 Háttur

Hættir sagna í íslensku koma eingöngu fram í beygingu sagnanna sjálfra, en eru ekki táknaðir með samsettri beygingu. Háttur er því ekki setningafræðilegt fyrirbæri í íslensku eins og **horf** og að nokkru leyti **tíð**. Hins vegar tengjast hættir setningafræðinni á margan hátt. Í hverri **málsgrein** verður þannig að vera a.m.k. ein sögn í persónuhætti – fallhættir duga ekki, eins og hér sést:

Steinunn las bókina	(persónuháttur – framsöguháttur)
Steinunn læsi bókina ef hún gæti	(persónuháttur – viðtengingarháttur)
Lestu bókina!	(persónuháttur – boðháttur)
*Að lesa bókina	(fallháttur – nafnháttur)
*Lesið bókina	(fallháttur – lýsingarháttur þátíðar)
*Lesandi bókina	(fallháttur – lýsingarháttur nútíðar)

Það eru aðeins sagnir í persónuhætti sem geta tekið **frumlag** (ef frá er talin setninga-gerðin þolfall með nafnhætti³⁶).

Persónuhættirnir þrír tengjast vitaskuld mismunandi merkingu. Þannig táknar framsöguháttur oft staðhæfingu, viðtengingarháttur tengist oft einhverjum efa, fyrirvara eða skilyrði, og boðháttur táknar skipun eða beiðni. En hættirnir lúta líka ólíkum setningafræðilegum skilyrðum. Boðháttarsögn stendur t.d. alltaf fremst í setningu, oft með viðskeyttu 2. persónu fornafni.

Staða viðtengingarháttar er flókin og erfitt að gefa um hana fullnægjandi reglur. Þar spila saman ýmsir setningafræðilegir og merkingarlegir þættir. Í meginatriðum má segja að viðtengingarháttur sé bundinn við **aukasetningar**. Ef um **fallsetningar** er að ræða er sögnin í **móðursetningunni** þá yfirleitt álitssögn eða felur í sér spurningu:

Guðný fullyrðir [að Hólmfríði líði illa]
Guðný heldur [að Hólmfríður sé lasin]
Guðný vonar [að Hólmfríði geti komið]
Guðný spyr [hvort Hólmfríður hafi komið]

Ef sögn móðursetningarinnar er hins vegar staðreyndasögn er sögnin í aukasetningunni oftast í framsöguhætti:³⁷

³⁶ Orðskipunin þolfall með nafnhætti kemur fyrir í setningum eins og ‘Hann telur Guðmund vera gáfaðan’, ‘Hún segir sig hafa unnið’. Þessar setningar má bera saman við ‘Hann telur að Guðmundur sé gáfaður’ og ‘Hún segir að hún hafi unnið’. Þau dæmi hafa að geyma fullburða aukasetningar með frumlagi í nefnifalli (‘Guðmundur’, ‘hún’) og sögn í persónuhætti (‘sé’, ‘hafi’). Í fyrri dæmunum er samsvarandi nafnliður hins vegar í þolfalli, en sögnin í nafnhætti. Margar sagnir leyfa báðar þessar orðskipanir, en sumar, eins og t.d. ‘láta’, taka aðeins þolfall með nafnhætti; sagt er ‘Steinunn lét Svein fara’ en ekki *‘Steinunn lét að Sveinn færi’.

³⁷ Með sumum staðreyndasögnum er ekki hægt að nota einfalda (ósamsetta) nútíð eða þátíð í aukasetningunni, heldur verður að nota samsetta beygingu með hjálparsögnum ‘skulu’ (og stundum einnig ‘hafa’):

Mér leiddist [að þú SKYLDIR gera þetta]
Sveinn harmar [að Guðrún SKULI Hafa farið]

Guðný veit [að Hólmfríði líður illa]
Guðný sér [að Hólmfríður er lasin]
Guðný skilur [að Hólmfríður hefur komið]

Einnig er viðtengingarháttur notaður í ýmsum flokkum **atvikssetninga**, eins og hér eru sýnd dæmi um:

Hann talar [eins og hann viti allt]	(samanburðarsetning)
Hann flýtti sér [til að hann kæmi snemma]	(tilgangssetning)
Hún kom [þótt hún væri of sein]	(viðurkenningarsetning)
Hún kemur ekki [nema ég biðji hana um það]	(skilyrðissetning)
[Komi hún ekki] verð ég vonsvikinn	(skilyrðissetning , ótengd)

Í aðalsetningum er viðtengingarháttur sjaldgæfur. Viðtengingarháttur þátíðar getur þó komið fyrir í setningum sem tákna ósk eða möguleika, ef skilyrðissetning fylgir með:

Ég kæmi [ef ég gæti]
[Yrði hann á staðnum] kæmi ég örugglega

Viðtengingarháttur nútíðar kemur hins vegar aðeins fyrir í aðalsetningum sem tákna ósk eða bæn, og er þá stundum nefndur óskháttur.³⁸

Fari hann bölvaður!
Drottinn blessi heimilið

4. Hlutverk setningarliða

4.1 Yfirlit

Með “hlutverki” setningarliða er hér átt við setningarlegt og merkingarlegt hlutverk (en ekki setningarlega stöðu til dæmis). Þetta skýrist betur af dæmum. Þeir setningarliðir sem lýst er í **1. kafla** geta haft mismunandi hlutverk í þessum skilningi. Mikilvægustu hlutverkin eru talin hér.³⁹

³⁸ Þótt persónuhættir í íslensku séu venjulega aðeins taldir þrír (framsöguháttur, viðtengingarháttur og boðháttur) er stundum gert ráð fyrir þeim fjórða; óskhætti. Sá háttur fellur þá formlega að mestu saman við viðtengingarhátt, og aðgreining milli þeirra byggist nær eingöngu á merkingarlegum forsendum. Ein sögn, ‘vera’, hefur þó sérstakar myndir sem notaðar eru í ósk eða bæn og eru frábrugðnar venjulegum myndum viðtengingarháttar. Sagt er ‘Veri hann bölvaður!’ og ‘Fari hann og veri!’, en 3. pers. et. nt. í viðtengingarhætti er ‘sé’.

³⁹ Nafnliðir geta einnig gegnt svipuðu hlutverki og atviksliðir, eins og í eftirfarandi dæmum:

Hann var ÞRJÁ DAGA (þf.) á leiðinni (sbr. Hann var LENGI á leiðinni)
Hún er TVEGGJA ÁRA (ef.) gömul (sbr. Hún er MJÖG gömul)

Oft er sagt að aukafall þessara liða “stýrist ekki af neinu”, enda er enginn sýnilegur **fallvaldur** í setningunum. Slíkir liðir eru kallaðir aukafallsliðir og taldir eitt af sérkennum íslenskunnar. Þeir voru fleiri og fjölbreyttari í fornu máli.

NAFNLIÐUR getur verið **FRUMLAG**
NAFNLIÐUR getur verið **ANDLAG**
NAFNLIÐUR getur verið **SAGNFYLLING**
LÝSINGARORÐSLIÐUR getur verið **SAGNFYLLING**
LÝSINGARORÐSLIÐUR getur verið **EINKUNN**
LÝSINGARORÐSLIÐUR getur verið **VIÐURLAG**

4.2 Frumlag og frumlagsígildi

Með frumlagi er átt við þann setningarlið sem stendur fremst í setningu í **beinni orðaröð** (sjálfgefinni orðaröð helstu **setningarliða**) í íslensku stendur næst á eftir persónubeygðri sögn (sögn í persónuhætti) í beinum spurningum (já/nei-spurningum) eða ef einhver annar setningarliður er færður fremst í setninguna í áhersluskyni táknað geranda ef sögnin er í germynd og merkir verknað (fremur en ástand til dæmis)

Dæmi (frumlag með hástöfum):

MARÍA hefur klárað ostinn í gær
Hefur MARÍA klárað ostinn í gær?
Í gær hefur MARÍA klárað ostinn

Frumlag er langoftast í nefnifalli, eins og í dæmunum hér á undan. Þó kemur fyrir að sagnir taka með sér frumlag í aukafalli, sem þá er nefnt frumlagsígildi (eða aukafallsfrumlag). Slíkt frumlag hefur öll einkenni venjulegra frumlaga önnur en þau að standa í nefnifalli og að valda samræmi á sögninni (þ.e. ráða persónu og tölu hennar). Dæmi (frumlagsígildi með hástöfum):

HANA/YKKUR /STRÁKANA hefur alltaf vantað peninga á vorin
Hefur HANA/YKKUR /STRÁKANA alltaf vantað peninga á vorin?
Á vorin hefur HANA/YKKUR /STRÁKANA alltaf vantað peninga

Sagnir sem taka með sér aukafallsfrumlög eru oft nefndar ópersónulegar og setningar með slíkum sögnum þá ópersónulegar setningar.

4.3 Frumlagslausar setningar og gervifrumlag

Sagnir sem hafa ekkert merkingarlegt **frumlag**, svo sem sagnir sem varða veðurfar (veðursagnir), eru stundum einnig kallaðar **ópersónulegar sagnir**. Setningar sem innihalda slíkar sagnir eru þá líka nefndar **ópersónulegar**. Dæmi:

Það rigndi mikið í gær
Í gær rigndi mikið
Rigndi mikið í gær?
Það skefur oft á Holtavörðuheiði
Á Holtavörðuheiði skefur oft

Í fyrsta dæminu virðist fornafnið ‘það’ vera í frumlagssæti en það er þó merkingarlaust. Þegar **forsetningarliðurinn** ‘í gær’ er fluttur fremst, hverfur það. Sama gerist ef setningunni er breytt í beina spurningu. Þessi tegund af ‘það’, þ.e. merkingarlaust ‘það’ sem virðist standa í frumlagssæti á undan sögn (í 3.p.) í **beinni orðaröð** en hverfur í beinum spurningum og eins ef einhver annar liður er færður fremst, er kallað gervifrumlag. Orðið ‘það’ í fjórða dæminu (með sögninni ‘skafa’) hefur sömu einkenni, eins og sjá má af síðasta dæminu.

Fornafnið ‘það’ virðist líka standa í frumlagssæti í nokkrum öðrum tilvikum í íslensku og hafa svipuð einkenni og hér var lýst (þ.e. að koma aðeins fyrir í beinni orðaröð). Dæmi:

ÞAÐ er mikið dansað á skólaböllum (sbr. Er mikið dansað á skólaböllum?)
ÞAÐ hafa verið mýs í baðkerinu (sbr. Í baðkerinu hafa verið mýs)
ÞAÐ er talið að tunglið sé úr osti (sbr. Er talið að tunglið sé úr osti?)

Í fyrsta dæminu virðist ekkert raunverulegt frumlag vera í setningunni og því væri eðlilegt að kalla hana **ópersónulega**. Þar sem umsögnin líkist því sem venja er í **þolmynd** (hjálparsögnin ‘vera’ og síðan lýsingarháttur þátíðar) eru setningar af þessu tagi oft nefndar ópersónuleg þolmynd. – Í tveim síðari dæmunum virðist merkingarlegt frumlag koma síðar í setningunni (‘mýs’ í fyrra dæminu og **aukasetningin (fallsetningin)** ‘að tunglið sé úr osti’ í því síðara). Í slíkum tilvikum er það líka nefnt aukafrumlag.

4.4 Andlag

Með andlagi er átt við setningarlið sem stendur með áhrifssögn sem fylliliður hennar og fer á eftir henni í **beinni (sjálfgefni) orðaröð**. Ef andlag er fallorð er það næstum alltaf í aukafalli. Dæmi (andlög með hástöfum):

Hundurinn gleypți SVESKJUSTEIN (þf.)
Þau luku HLAUPINU (þgf.)
Stelpan gaf STRÁKNUM (þgf.) KETTLING (þf.)
Hún spurði EINSKIS (ef.)
Hún spurði [HVORT ÉG VÆRI GLÍMUMAÐUR]
Mér hefur alltaf leiðst GLÍMA (nf.)

Í þriðja dæminu eru tvö andlög með sögninni ‘gefa’. Það fyrra er í þágufalli og táknar þann sem fær gjöfina. Þágufallsandlagið er stundum kallað óbeint andlag í slíkum dæmum. – Í fjórða dæminu tekur sögnin ‘spyrja’ með sér andlag í eignarfalli, en í því fimmta andlag sem er **aukasetning (fallsetning)** og sýnir ekkert fall. – Í síðasta

dæminu tekur sögnin ‘leiðast’ með sér fallorð í nefnifalli sem hefur þó stöðu og hlutverk andlags. Í sumum málfræðibókum eru slík orð talin til andlaga. Í íslensku kemur andlag í nefnifalli aðeins fyrir með sögnum sem taka með sér frumlag í þágufalli.⁴⁰

4.5 Sagnfylling

Með sagnfyllingu er í fyrsta lagi átt við fallorð í nefnifalli með áhrifslausum sögnum eins og ‘vera’, ‘verða’, ‘heita’, ‘þykja’. Þetta geta ýmist verið **nafnliðir** eða **lýsingarorðsliðir**. Dæmi (sagnfyllingar með hástöfum):⁴¹

María er GÓÐUR LÆKNIR
Hún verður GÓÐ
Lagið þykir ÁKAFLEGA SKEMMTILEGT

Í öðru lagi er stundum talað um sagnfyllingu með **andlagi**. Þá er átt við fallorð (nafnlið, lýsingarorðslið) sem standa á eftir andlagi sagna eins og ‘kjósa’, ‘velja’, ‘skipa’ og laga sig að því í falli. Dæmi (sagnfyllingar með andlagi með hástöfum):

Þeir kusu Guðmund (þf.) FULLTRÚA (þf.)
Þau skipuðu hana (þf.) FORMANN (þf.)

Ef þessum setningum er breytt í **þolmynd** þannig að þolfallsandlagið breytist í nefnifallsfrumlag lagar sagnfyllingin sig að **frumlaginu** og verður í nefnifalli :

Guðmundur (nf.) var kosinn fulltrúi (nf.)
Hún (nf.) var skipuð formaður (nf.)

4.6 Einkunn

Einkunn er venjulega skilgreind sem ákvæðisorð (eða **ákvæðisliður**) sem stendur með nafnorði (yfirléitt á undan því – setningarlegt einkenni), sambeygist því (setn-

⁴⁰ Þegar fallsetning gegnir hlutverki andlags stendur hún stundum sem eins konar fylliliður með persónufornafninu ‘það’ í viðeigandi falli. Þetta á einkum við um andlög sagna sem stjórna þágufalli og eignarfalli:

Hún hét [því [að hún kæmi]]
Hann bað [þess [að hún kæmi]]

Fornafn í þessari stöðu er stundum nefnt aukaandlag.

⁴¹ Stöku sinnum stendur lýsingarorð eitt í nafnlið og er það þá kallað sérstætt. Lýsingarorð sem sambeygjast nafnorði, hvort sem þau standa innan nafnliðar eða sem sagnfylling, eru aftur á móti kölluð hliðstæð. Lýsingarorð sem er sagnfylling í setningu með frumlagsígildi er stundum sagt vera hálfhliðstætt. Þá stendur lýsingarorðið í nefnifalli (eintölu, hvorugkyni) en á við orð í þágufalli (ýmist í eintölu eða fleirtölu, og í hvaða kyni sem er), enda stjórnar frumlagsígild aldrei samræmi:

Oft kemur GÓÐUR þá getið er	(sérstætt lýsingarorð)
STÓRA stelpan er STERK	(hliðstæð lýsingarorð)
Stráknum er KALT	(hálfhliðstætt lýsingarorð)
Mér var ÓRÓTT	(hálfhliðstætt lýsingarorð)

ingarlegt einkenni) og kveður nánar á um eiginleika þess sem nafnorðið á við (merkingarlegt hlutverk). Dæmi (einkunn með hástöfum):

Þetta er SKEMMTILEG (nf.et.kv.) málfræðibók (nf.et.kv.)
Vegna ÞESSARA (ef.ft.kk.) ÞRIGGJA (ef.ft.kk.) ÓGÆDSLEGU (ef.ft.kk.)
tannstöngla (ef.ft.kk.)...

Stundum er einkunnin samsett úr nokkrum ákvæðisorðum sem öll sambeygjast nafnorðinu eins og síðara dæmið sýnir hér.

Orðið eignarfallseinkunn er stundum haft um nafnorð eða **nafnlið** í eignarfalli sem stendur með nafnorði:

hestur BRYNHILDAR (eignarfallið ‘Brynhildar’ er hér fylliliður með aðalorðinu ‘hestur’ og væri þá nefnt eignarfallseinkunn)
hestur [BALDVINS [MANN [BRYNHILDAR]]] (hér er samsetti nafnliðurinn [manns Brynhildar] eignarfallseinkunn með aðalorðinu ‘hestur’, en í þeim samsetta nafnlið er ‘manns’ aðalorðið og ‘Brynhildar’ eignarfallseinkunn með því)

Af þessum dæmum má sjá að svonefnd eignarfallseinkunn hefur setningarleg einkenni **fylliliðar** (fer á eftir **aðalorðinu** og fall hennar stýrist af því). En þar sem merkingarleg einkenni minna á venjulega hliðstæða einkunn (“segir nánar til um við hvað er átt”) eru nafnliðir af þessu tagi gjarna nefndir eignarfallseinkunn.

4.7 Viðurlag

Viðurlag stendur með nafnorði (eins og **einkunn**) eða fornafni en fer á eftir **aðalorðinu** en ekki undan, eins og **ákvæðisliðir** gera yfirleitt. Það er oft laustengdara aðalorðinu en einkunn en talið til ákvæðisliða eins og hún (en ekki **fylliliða**) af því að það hefur önnur einkenni þeirra. Viðurlag sambeygist nafnorðinu (fornafninu) sem það stendur með, líkt og einkunn gerir (setningarlegt einkenni) og kveður nánar á um eiginleika þess sem nafnorðið (fornafnið) vísar til eða bætir einhverjum upplýsingum við það, líkt og einkunn gerir (merkingarlegt einkenni).⁴² Dæmi (viðurlag með hástöfum):

Málfræðibókin (nf.et.kvk.) liggur á borðinu, FALLEG (nf.et.kv.) og SKEMMTILEG
Ég hittir hana (þf.et.kvk.) eftir prófið, DAUÐÞREYTTA (þf.et.kvk.) og RÆFILLSLEGA (þf.et.kvk.)

⁴² Þegar viðurlag er einhvers konar aukaatriði, innskot eða viðbót í setningu er það stundum kallað laust, eins og í eftirfarandi dæmum:

Þessi maður – JÓN PÉTURSSON – er besti vinur minn
Ég hittir hann áðan, ÚRVINDA AF ÞREYTU
Komdu hingað, GREYIÐ MITT

Í síðasta dæminu er um að ræða ávarpslið, sem er oft viðurlag með annarrar persónu fornafni.

Þetta er Vigdís (nf.) FORSETI (nf.) (viðurlagið ‘forseti’ stendur í sama falli og aðalorðið ‘Vigdís’)

Þeir hittu Vigdís (þf.) FORSETA (þf.) (viðurlagið ‘forseta’ stendur í sama falli og aðalorðið ‘Vigdís’)

Við heilsuðum VIGDÍSI (þgf.) [FORSETA (þgf.) [ÍSLANDS]] (hér er samsetti nafnliðurinn [forseta Íslands] viðurlag með aðalorðinu ‘Vigdís’, en innan þessa nafnliðar er aðalorðið ‘forseta’ og lagar sig að ‘Vigdís’ í falli, en með orðinu ‘forseta’ stendur ‘Íslands’ sem **eignarfallseinkunn**)

4.8 Atviksliður

Hlutverk atviksliða eru mismunandi eftir því hvers konar atviksorð eru **aðalorð** þeirra. Dæmi (atviksliðir með hástöfum):

Hún hefur ALLTAF tekið lýsi
Drottningin liggur ÞARNA
Kóngurinn söng ÁKAFLEGA ILLA

Fyrsta dæmið sýnir atviksorð sem fer næst á eftir persónubeygðu sögninni (**hjálparsögninni** ‘hafa’ í þessu tilviki). Slík atviksorð eru stundum nefnd setningaratviksorð því þau eiga við setninguna alla (það hefur ALLTAF verið þannig að hún hefur tekið lýsi). Annað dæmið sýnir staðaratviksorð (segir til um staðinn ÞAR SEM eitthvað á sér stað eða gerist) og það þriðja háttaratviksorð (‘illa’ segir til um Á HVERN HÁTT kóngurinn söng). Háttaratviksorð taka oft með sér áhersluatviksorð (‘ákaflega’ HERÐIR Á merkingu atviksorðsins ‘illa’) líkt og lýsingarorð geta gert (sbr. ‘ÁKAFLEGA (ao.) feitur’ (lo.)).

4.9 Forsetningarliður

Forsetningarliðir gegna oft svipuðu hlutverki og **atviksliðir**. Þetta sést ef eftirfarandi dæmi eru borin saman við dæmin um atviksliði hér á undan:

Hún hefur tekið lýsi FRÁ BARNÆSKU
Drottningin liggur Á ELDHÚSBORÐINU
Kóngurinn söng AF SNILLD
Kóngurinn söng MEÐ AFBRIGÐUM ILLA

Í fyrsta dæminu hefur forsetningarliðurinn ‘frá barnæsku’ svipað hlutverk og atviksorðið (atviksliðurinn) ‘alltaf’ í samsvarandi dæmi hér á undan (það hefur verið þannig FRÁ BARNÆSKU (hennar) að hún hefur tekið lýsi). Í næsta dæmi kveður forsetningarliðurinn ‘á eldhúsborðinu’ á um staðinn, líkt og ‘þarna’ gerði í dæminu á undan. Í þriðja dæminu segir forsetningarliðurinn ‘af snilld’ til um það á hvern hátt kóngurinn söng, líkt og ‘illa’ gerði áður (þótt merkingin sé gagnstæð). Loks má finna forsetn-

ingarliði sem gegna sama hlutverki og áhersluatviksorð, sbr. forsetningarliðiðinn ‘með afbrigðum’ í síðasta dæminu.

5. Flokkar setninga og einkenni þeirra

5.1 Yfirlit

Í kafla 1.1 eru eftirfarandi dæmi tekin um setningar (**aðalsögn** hvernar setningar með hástöfum):

[Ég hef aldrei DRUKKIÐ lýsi]	(ósamsett setning)
[Hann SEGIR [að hann hafi aldrei DRUKKIÐ lýsi]]	(samsett setning)
[Hann DREKKUR kók] en [hún DREKKUR lýsi]	(tengdar setningar)

Setningarnar eru jafnmargar og aðalsagnirnar. Hornklofarnir sýna upphaf þeirra og endi. Þeir sýna m.a. að í dæmi númer tvö er setningin ‘að hann hafi aldrei drukkið lýsi’ “innan í” setningunni sem hefst á ‘Hann segir’. Sögnin ‘segja’ er áhrifssögn (segja EINHVERN HLUT, þolfall) og tekur með sér **andlag**. Hér er andlagið setningin ‘að hann hafi aldrei drukkið lýsi’. Sú setning er því hluti af setningunni sem hefur sögnina ‘segja’ sem aðalsögn. Setning sem er hluti af (eða “er innan í”) annarri setningu er kölluð aukasetning. Í þriðja dæminu eru tvær setningar, tengdar með samtengingunni (aðaltengingunni) ‘en’. Hvorug þeirra er hluti af hinni. Setning sem er ekki hluti af annarri setningu er kölluð aðalsetning. Í þriðja dæminu eru því tvær tengdar aðalsetningar. Í dæmi númer tvö er setningin sem hefst á ‘Hann segir ...’ líka aðalsetning. Hún er ekki hluti af annarri setningu en hún hefur aukasetninguna ‘að hann hafi aldrei drukkið lýsi’ sem hluta af sér og henni lýkur því á eftir aukasetningunni. Í því dæmi er þannig ein aðalsetning, en hún er samsett.

5.2 Aðalsetning, aukasetning, málsgrein

Sérhvert dæmanna í 5.1 er sérstök málsgrein. Málsgreinar eru jafnan afmarkaðar með punkti (eða spurningarmerki –?) í rituðu máli.⁴³ Í málsgrein er annaðhvort ein **aðalsetning** (eins og í fyrsta og öðru dæmi) eða tvær eða fleiri tengdar aðalsetningar (eins og í þriðja dæmi). Vert er að taka eftir að í dæmi númer tvö er aðeins ein aðalsetning en hún er samsett. Aðalsetningar geta orðið flóknari en dæmi númer tvö eins og hér er sýnt (**aðalsögn** hvernar setningar með hástöfum):

⁴³ Rétt er að gera skýran greinarmun á málsgrein og efnisgrein. Málsgrein er formlegt hugtak, skilgreint út frá setningafræðilegum og formlegum þáttum. Efnisgrein er aftur á móti efnislegt eða merkingarlegt hugtak, skilgreint út frá efni textans og efnistöfum, þótt vissulega hafi efnisgreinar líka sína formlegu afmörkun í riti, þ.e. greinaskilin. Hver efnisgrein á að mynda ákveðna heild. Segja má að efnisgreinar séu minnstu sjálfstæðu einingar textans; þær eiga, ef vel á að vera, að hafa einhvers konar upphaf, miðju og endi, rétt eins og textinn í heild. Í mörgum ritum (og yfirleitt í lagamáli) er orðið málsgrein þó notað í sömu merkingu og efnisgrein hér, en í nýrri ritum er venjulega gerður munur á þessu tvennu

[Hann SAGÐI [að þú hefðir SPURT [hvort mjólkin VÆRI súr]]]

Hér er aðeins ein aðalsetning – það er setningin sem hefur aðalsögnina ‘sagði’. Andlag sagnarinnar ‘sagði’ (og þar með hluti af aðalsetningunni) er **aukasetningin** ‘að þú hefðir spurt hvort mjólkin væri súr’. Sú aukasetning er sjálf samsett því að **andlag** aðalsagnarinnar í henni, sagnarinnar ‘spurt’, er aukasetningin ‘hvort mjólkin væri súr’. Eins og sjá má með því að skoða hornklofana sem afmarka setningarnar í þessari samsettu málsgrein minnir þetta svolítið á þrjár misstórar skálar þar sem stærsta skálin geymir tvær þær minni og sú minnsta er ofan í (innan í) þeirri næstminnstu. “Ysta” setningin hér er aðalsetning, því hún er ekki hluti í neinni annarri setningu. Hinar eru aukasetningar. “Innsta” setningin er **setningarliður** (setningarhluti) í annarri aukasetningu.

Setning sem er liður í (hluti af) annarri setningu er stundum kölluð dóttursetning hennar. Dóttursetningar eru því samkvæmt skilgreiningu alltaf aukasetningar. Setningarnar sem þær eru liðir í má þá kalla móðursetningar þeirra. Hér hefur komið fram að móðursetningar eru stundum sjálfar dóttursetningar annarra setninga.⁴⁴

5.3 Staða aukasetninga

Aukasetningar standa venjulega annaðhvort fremst í **aðalsetningum** og eru þá kallaðar undansettar⁴⁵ eða aftast og kallast þá eftirsettar.⁴⁶

Hann hélt [að Sigga myndi eftir sér]
Hún spurði [hvort hann væri galinn]

⁴⁴ Stundum er ekki litið á aukasetningar sem liði í aðalsetningum eins og hér er gert, heldur er aukasetningum og aðalsetningum lýst sem aðskildum hlutum í málsgrein. Samkvæmt því væri aðalsetningin í dæminu hér á eftir ekki öll orðarunan ‘Hann segir að hann hafi aldrei drukkið lýsi’, heldur aðeins búturinn ‘Hann segir’.

[Hann segir | að hann hafi aldrei drukkið lýsi]

Slíkar aðalsetningar eru þá kallaðar ósjálfstæðar, vegna þess að þær geta ekki staðið einar sér (segja ekki fulla hugsun) – í þær vantar eitthvað. Liðfelldar aðalsetningar í hliðskipun eru líka kallaðar ósjálfstæðar, enda verða þær að styðjast við hliðskipuðu setninguna:

[Hann er vinsæll] og [___ veit af því]

Aðalsetningar eins og þær sem hér fara á eftir eru hins vegar kallaðar sjálfstæðar, vegna þess að þær geta staðið einar sér, án nokkurs stuðnings.

Þorsteinn lét í minni pokann

Hvenær kemur Vilborg?

Stundum er hugtakið klausa haft um orðaröð sem engin setningaskil eru í – hvorki skil aðalsetningar og aukasetningar né skil milli hliðskipaðra setninga.

⁴⁵ Sumar aukasetningar standa fremst í móðursetningu sinni, eins og ‘[Ef þú flýtir þér ekki] verð ég brjálaður’ og ‘[Fyrst hún segir þetta] verð ég að hlýða’, þar sem aukasetningin er innan hornklofa. Í slíkum dæmum er aukasetningin kölluð undansett, því að hún stendur á undan öðrum hlutum setningarinnar. Sumar tegundir aukasetninga eru oft undansettar (t.d. tíðarsetningar og skilyrðissetningar tengdar með ‘ef’ o.fl.) en aðrar sjaldan eða aldrei.

⁴⁶ Sumar aukasetningar standa aftast í móðursetningu sinni, eins og ‘Ég verð brjálaður [ef þú flýtir þér ekki]’ og ‘Ég verð að hlýða [fyrst hún segir þetta]’, þar sem aukasetningin er innan hornklofa. Í slíkum dæmum er aukasetningin kölluð eftirsett, því að hún stendur á eftir öðrum hlutum setningarinnar. Sumar tegundir aukasetninga eru alltaf eftirsettar (t.d. setningar tengdar með ‘nema’ og ‘því að’, en aðrar geta einnig verið undansettar.

[Ef þetta er satt] ert þú í vondum málum
[Þegar ég flyt] verður mikil veisla

Fallsetningar og **tilvísunarsetningar** eru venjulega eftirsettar, en ýmsar tegundir **atvikssetninga** eru ýmist undansettar eða eftirsettar. Einnig kemur fyrir að aðalsetning sé fleyguð⁴⁷ af aukasetningu. Einkum á þetta við um tilvísunarsetningar, vegna þess að þær standa sem **fylliliðir** ákveðinna orða inni í setningum:

Maðurinn [sem þú hittir] kom hingað áðan

Stundum geta aðrar tegundir aukasetninga fleygað aðalsetningu og eru þá kallaðar innskotssetningar.⁴⁸

Hann er – ef ég man rétt – frændi Margrétar
Hann er – eins og allir vita – frændi Margrétar

Þegar setningar eru samsettar og tengdar með aðaltengingum er það kallaðað hliðskipun.⁴⁹ Setningarnar standa þá hlið við hlið, eru hliðskipaðar,⁵⁰ þannig að hvorug er liður í hinni. Seinni setningin er þá oft **liðfelld**,⁵¹ eins og þriðja dæmið hér sýnir:

[Veðrið er gott] og [sólin skín]
[Halldóra er flugmaður] en [Pétur vinnur í banka]
[Gunnar fer oft í útilegu á sumrin] eða [(Gunnar) gengur á fjöll]

Aukasetningar eru aftur á móti alltaf undirskipaðar⁵² aðalsetningum sínum. Eftirfarandi setningar eru því dæmi um undirskipun.⁵³

⁴⁷ Setning er kölluð fleyguð ef í henni er aukasetning sem er hvorki fremst né aftast, heldur þannig staðsett að bæði á undan henni og eftir eru orð eða setningarliðir sem ekki tilheyra henni. Algengt er að tilvísunarsetningar fleygi móðursetningu sína, eins og ‘Sá maður [sem ég treysti best] hefur brugðist mér’.

⁴⁸ Innskotssetning er setning sem rýfur aðra setningu, þannig að hlutar úr rofni setningunni komi bæði á undan og eftir innskotinu. Oft eru þetta einhvers konar viðbætur, skýringar eða athugasemdir, t.d. ‘Ég er – þótt ég segi sjálfur frá – býsna duglegur’. Í tali eru innskotssetningar oftast afmarkaðar frá umhverfi sínu með stuttu hléi og breyttu tónfalli.

⁴⁹ Með hliðskipun er átt við það að tvær (eða fleiri) einingar (setningar eða setningarliðir) séu tengdar á þann hátt að hvorug er liður í hinni, heldur eru þær jafnréttáár. Milli eininganna er þá venjulega aðaltenging, en ef þær eru fleiri en tvær stendur tenging oftast aðeins milli tveggja þeirra síðustu, eins og ‘blóð, sviti og tár’.

⁵⁰ Setningar sem standa jafnréttáár hlið við hlið, þannig að hvorug er liður í hinni, eru hliðskipaðar. Þær eru þá venjulega tengdar með aðaltengingum. Ef fleiri en tvær setningar eru hliðskipaðar er þó venjulega aðeins tenging milli tveggja þeirra síðustu, eins og ‘[Halldór er þriggja ára], [Guðbjörg er fjögurra ára], en [Ólöf er sex ára]’. Bæði aðalsetningar og aukasetningar geta verið hliðskipaðar.

⁵¹ Oft “vantar” einhvern lið í setningar en þær eru samt túlkaðar eins og sá liður væri þar. Þetta er einkum algengt í hliðskipuðum setningum sem hafa einn eða fleiri sameiginlega liði. Þá er sameiginlega liðnum (eða liðunum) sleppt úr seinni setningunni (eða setningunum) í stað þess að endurtaka hann (eða þá). Slíkar setningar eru kallaðar liðfelldar, því að sameiginlegi liðurinn er þar felldur brott. Í dæminu ‘[Margrét var svöng] og [borðaði mikið]’ vantar frumlag í seinni setningu hliðskipunarinnar, og í ‘[Margrét pantaði kjöt] en [Guðrún fisk]’ vantar sögn í seinni setninguna. Samt sem áður er enginn í vandræðum með að túlka setningarnar rétt.

⁵² Setning sem er liður í annarri setningu er kölluð undirskipuð. Aukasetningar eru ævinlega hliðskipaðar, því að þær standa alltaf sem setningarliður í móðursetningu sinni.

Hún spurði [hvort allir væru komnir]
Rútan fer [þegar allir eru komnir]
Ég veit [að [Sveinn er þreyttur] enda [fór hann seint að sofa]]

Það sem fer á eftir ‘Ég veit’ í þriðja dæminu hér á undan er **skýringarsetning**, tengd með aukatengingunni ‘að’, og því undirskipuð setning. Hún er aftur á móti sjálf samsett úr tveimur setningum, ‘Sveinn er þreyttur’ og ‘fór hann seint að sofa’. Þær eru tengdar með aðaltengingunni ‘enda’, og eru því hliðskipaðar innbyrðis.

5.4 Flokkun aukasetninga

Aukasetningum má skipta í þrjá aðalflokka:

FALLSETNINGAR gegna sama hlutverki í setningum og **NAFNLIÐIR**
ATVIKSSETNINGAR hafa svipaða stöðu í setningum og **ATVIKSLIÐIR**
TILVÍSUNARSETNINGAR standa oftast sem fylliliðir með **NAFNORÐUM**

Dæmin um aukasetningar í 4.1 sýna öll setningar sem gegna hlutverki **andlags**. Þær standa sem **fylliliðir** með áhrifssögnum líkt og nafnliðir geta gert og eru þá **fallsetningar** samkvæmt skilgreiningunni hér á undan. Sumar fallsetningar eru andlög, sumar eru **frumlög** eða standa sem fylliliðir með forsetningum. Frekari dæmi eru sýnd hér (fallsetningar afmarkaðar með hornklofum):

Hún sagði [að hann væri sætur]
(fallsetningin er andlag, sbr. ‘Hún sagði EINHVERN HLUT’)
Hann spurði [hvort hún yrði heima]
(fallsetningin er andlag, sbr. ‘Hann spurði EINHVERS’)
[Að hann skuli vera svona sætur] er skemmtilegt
(fallsetningin er frumlag, sbr. ‘ÞETTA er skemmtilegt’)
Þær töluðu um [að þeir væru of seinir]
(fallsetningin stendur með forsetningu, sbr. ‘Þær töluðu um ÞÁ’)

5.5 Fallsetningar

Fallsetningar sem hefjast á skýringartengingunni ‘að’ eru kallaðar skýringarsetningar (eða að-setningar)⁵⁴ en fallsetningar sem hefjast á spurnarorðum (spurnartengingunni ‘hvort’, spurnaratvikiorsorðum (‘hvar’, ‘hvenær’, ‘hvernig’) eða spurnarfornöfnum (‘hver’, ‘hvor’, ‘hvaða’) eru kallaðar spurnarsetningar.

⁵³ Undirskipun er þegar tvær setningar eru tengdar þannig að önnur er liður í hinni. Í tengslum aukasetningar við aðalsetningu er ævinlega um undirskipun að ræða.

⁵⁴ Skýringarsetningar eru stundum kallaðar að-setningar, vegna þess að þær eru ævinlega tengdar móðursetningu sinni með aukatengingunni ‘að’.

Stundum gegna nafnháttarsambönd sama hlutverki og **nafnliðir** í setningu. Slík nafnháttarsambönd má kalla nafnháttarsetningar. Þær hafa yfirleitt ekki sýnilegt **frumlag** og í þeim er engin sögn í persónuhætti. Nokkur dæmi eru sýnd hér (nafnháttarsetning afmörkuð með hornklofa):

- Jón skipaði Guðmundi [að reka Harald]
(nafnháttarsetningin er **andlag**, sbr. ‘skipa einhverjum EINHVERN HLUT’)
- Jón hótaði Guðmundi [að reka Harald]
(nafnháttarsetningin er andlag, sbr. ‘hóta einhverjum EINHVERJU’)
- Davíð reyndi [að synda út í Viðey]
(nafnháttarsetningin er andlag, sbr. ‘að reyna EINHVERN HLUT’)
- [Að hafa synt út í Viðey] er mikið afrek
(nafnháttarsetningin er frumlag, sbr. ‘ÞETTA er mikið afrek’)
- Þeir töluðu um [að reka kokkinn]
(nafnháttarsetningin er **fylliliður** með forsetningu, sbr. ‘Þeir töluðu um MARGA HLUTI’)

Dæmi þar sem sögn tekur með sér nafnháttarsamband sem andlag (sbr. ‘reyna’) líkjast býsna mikið setningum með **hjálparsögn** sem tekur með sér nafnhátt.

5.6 Atvikssetningar

Atvikssetningum er oft skipt í nokkra flokka eftir merkingarlegu hlutverki þeirra. Nokkur dæmi eru gefin hér á eftir (atvikssetningar afmarkaðar með hornklofum):

- Ég fer [þegar leikurinn er búinn]
(atvikssetningin er tíðarsetning, tengd með tíðartengingunni ‘þegar’, vísar til tíma, sbr. ‘Ég fer BRÁÐUM’)
- Ég fer [ef hann verður góður]
(atvikssetningin er skilyrðissetning, tengd með skilyrðistengingunni ‘ef’, nefnir skilyrði)
- Hann lætur [eins og hann sé vitlaus]
(atvikssetningin er samanburðarsetning, tengd með samanburðartengingunni ‘eins og’, sbr. ‘Hann lætur eins og fífl’, ‘Hann lætur ILLA’)⁵⁵
- Hann málaði húsið [til þess að hún yrði ánægð]
(atvikssetningin er tilgangsssetning, tengd með tilgangstengingunni ‘til þess að’)
- Hann málaði húsið [af því að hún var óánægð]
(atvikssetningin er orsakarsetning, tengd með orsakartengingunni ‘af því að’)

⁵⁵ Í stað samanburðarsetningar er oft notað orðasamband án sagnar:

Hann lætur [eins og vitlaus]

Þetta er stundum nefnt samanburðarliður.

Hann málaði húsið [svo að hún varð ánægð]
(atvikssetningin er afleiðingarsetning, tengd með afleiðingartengingunni svo að)
Hann málaði húsið [þótt hún vildi heldur klæða það]
(atvikssetningin er viðurkenningarsetning,⁵⁶ tengd með viðurkenningartengingunni⁵⁷ ‘þó að’)

5.7 Tilvísunarsetningar

Tilvísunarsetningar eru tengdar með tilvísunartengingunum ‘sem’ og ‘er’. Þær standa oftast með nafnorðum sem **ylliliðir**. Dæmi eru sýnd hér á eftir (tilvísunarsetningar afmarkaðar með hornklofum):

Þetta er konan [sem keypti fyrirtækið]
(tilvísunarsetningin stendur með ‘konan’)
Hann hefur rætt við marga menn [er komu við sögu]
(tilvísunarsetningin stendur með ‘menn’)

Eitt helsta einkenni tilvísunarsetninga er að í þeim er jafnan “eyða” sem svarar til nafnorðs þess sem setningarnar standa með:

Ég þekki manninn [sem ___ skammaði þig]
Bókin [sem ég var að lesa ___] er leiðinleg
Þetta er stelpa [sem ég talaði við ___]

Í fyrsta dæminu “vantar” **frumlag** sagnarinnar ‘skamma’, í öðru dæminu “vantar” **andlag** sagnarinnar ‘lesa’, og í þriðja dæminu “vantar” forsetninguna ‘við’ fallorð sitt. Greinilegt er að “eyðan” svarar merkingarlega til nafnorðsins sem tilvísunarsetningin stendur með.

Smáorðin ‘sem’, ‘er’ eru stundum kölluð tilvísunarfornöfn í íslenskum málfræðibókum. Þau hafa þó engin einkenni fallorða. Þess vegna er eðlilegra að telja þau sérstakan flokk tenginga.

⁵⁶ Viðurkenningarsetningar eru ein tegund aukasetninga (atvikssetninga), tengdar með viðurkenningartengingum. Þær segja frá einhverju sem er til eða gerist í einhvers konar andstöðu við það sem aðalsetningin segir frá. Þær eru tengdar með viðurkenningartengingum á borð við ‘þó að’, ‘þótt’, ‘þrátt fyrir (það) að’. Dæmi (viðurkenningarsetning innan hornklofa: ‘Hún flýtti sér að borða [þó að henni lægi ekkert á]’; ‘Þeir fóru á ballið [þrátt fyrir að það væri stranglega bannað]’).

⁵⁷ Viðurkenningartengingar eru ein tegund aukatenginga, og tengja viðurkenningarsetningar við móðursetningu sína. Helstu viðurkenningartengingar eru ‘þó að’, ‘þótt’ og ‘þrátt fyrir (það) að’. Dæmi (viðurkenningartenging með hástöfum): ‘Hún flýtti sér að borða [ÞÓ AÐ henni lægi ekkert á]’; ‘Þeir fóru á ballið [ÞRÁTT FYRIR AÐ það væri stranglega bannað]’.

6. Orðaröð og setningafræðileg ferli

6.1 Yfirlit

Með hugtakinu orðaröð er auðvitað átt við ‘röð orða’ en í málfræðilegri umræðu táknað þetta ýmist þær reglur sem gilda um röð einstakra orða innan **setningarliða** eða þær reglur sem gilda um röð setningarliða innan **setninga**. Nokkrar íslenskar reglur af þessu tagi eru nefndar hér á eftir:

Í íslensku fara ákvæðisorð yfirleitt á undan **aðalorðum** innan setningarliða (almenn regla um röð innan liða).

Í íslensku fara lýsingarorð yfirleitt á undan nafnorðunum sem þau standa með (tiltekið dæmi um það sem var nefnt næst á undan – á við lýsingarorð og nafnorð sérstaklega): ‘gulur’ (lo.) ‘bill’ (no.).

Í íslensku fara aðalorð yfirleitt á undan **fylliliðum** innan setningarliða (almenn regla um röð innan liða).

Í íslensku fara forsetningar á undan nafnliðum í **forsetningarliðum** (dæmi um þá almennu reglu að aðalorð fari á undan fylliliðum í íslensku): ‘frá’ (fs.) ‘Haraldi’ (no.).

Í íslensku kemur persónubeygð sögn oftast í öðru sæti setningar í **beinni (sjálfgefinni) orðaröð** og einnig ef aðrir liðir en **frumlag** eru færðir fremst í setninguna (lýsing á röð liða innan setningar): ‘Haraldur HEFUR veitt hvalinn’ / ‘Hvalinn HEFUR Haraldur veitt’.

Í íslensku kemur persónubeygð sögn í fyrsta sæti í beinum spurningum (já/nei-spurningum) (lýsing á röð liða innan setningar). Það má kalla spurnarorðaröð : ‘HEFUR Haraldur veitt hvalinn?’

Í ritaðri frásögn er persónubeygð sögn stundum höfð í fyrsta sæti. Það er stundum kölluð **frásagnarorðaröð** : ‘HLUPUM við nú aftur inn í kofann og URÐU stelpurnar fegnar að sjá okkur’.

6.2 Sjálfgefin röð og breytt röð

Röð orða og **setningarliða** er ekki alltaf eins. Venjulega er einhver tiltekin röð sjálfgefin eða hlutlaus en síðan má breyta henni ef sérstök ástæða þykir til. Slíka röð má kalla breytta orðaröð.

Sjálfgefin röð **frumlags**, **sagnar** og **andlags** í íslensku er sú sem hér var gefin (frumlag – sögn – andlag, F-S-A). Það er oft nefnd bein orðaröð í málfræðibókum. Dæmi:

Hundurinn át brauðsneiðina: F-S-A

Ef lögð er sérstök áhersla á aðra liði en frumlag, eða verið er að spyrja spurningar sem svara má með jái eða neii, kemur fram breytt eða óbein orðaröð :

Brauðsneiðina át hundurinn (A-S-F)
Át hundurinn brauðsneiðina? (S-F-A)

Á sama hátt er röðin ákvæðisorð – **aðalorð** sjálfgefin (eða hlutlaus) innan liða:

Þessi ritgerð (ákvæðisorð - aðalorð)
digurt spjót (ákvæðisorð - aðalorð)

Þeirri röð er þó stundum breytt:

ritgerð þessi (aðalorð - ákvæðisorð)
spjót digurt (aðalorð - ákvæðisorð)

Undantekning frá þessu er þó röð aðalorðs og eignarfornafns í íslenskum **nafnliðum** :

bókin mín (hlutlaus, sjálfgefin orðaröð)
mín bók (breytt orðaröð)

Seinni röðin er einkum notuð ef ástæða þykir til að leggja sérstaka áherslu á eignarfornafnið. Eins og hér kemur fram er oft hafður greinir á nafnorðinu ef það fer á undan eignarfornafninu ('bókIN mín') en það er alveg ótækt ef nafnorðið fer á eftir ('*mín bókin'). Í formlegu málsniði væri aftur á móti hægt að segja (eða skrifa): 'bók mín' (þ.e. hafa 'bók' án greinis). Ef um skyldleikaorð er að ræða, eða orð sem tákna eitthvað óhlutstætt, er greinir þó ekki hafður á nafnorðinu þótt það fari á undan eignarfornafninu:

dóttir mín (ekki *dóttirin mín)
tillaga mín

Í síðara dæminu væri hugsanlegt að hafa greini á nafnorðinu ef búið væri að ræða um tillöguna áður: 'Tillaga(n) mín hefur aldrei verið borin undir atkvæði'. Það gengur augljóslega ekki í fyrra dæminu.

Sum tilvik um breytta orðaröð eru einkum bundin við sérstakt málsnið eða sérstakan stíl. Svonefnd frásagnarorðaröð (persónubeygd sögn í fyrsta sæti) er þannig nánast eingöngu notuð í ritmáli. Svipað er að segja um röðina **aðalorð** – **ákvæðisorð** í **nafnliðum** í flestum tilvikum ('ritgerð þessi'). Sumt er jafnvel bundið við fornlegt mál (sbr. 'spjót digurt'), en í forníslensku voru sum lýsingarorð gjarna höfð á eftir nafnorðum (sbr. 'skjöld góðan', 'sjóð digran').

6.3 Bein og óbein ræða

Það nefnist bein ræða þegar tekið er orðrétt upp það sem einhver segir. Bein ræða er afmörkuð með gæsalöppum (tilvitnunarkerkjum) í rituðu máli:

Þá stundi Mundi: "Þetta er nóg!"
"Hvað ert þú að smíða?" spurðu þeir

Beinni ræðu er oft snúið í óbeina ræðu í frásögn. Hún er þá gerð að **aukasetningu**, **fillilið** sagna eins og ‘segja’, ‘spyrja’ o.þ.h. Dæmi (óbein ræða með hástöfum):

“Hvað ert þú að smíða?” spurðu þeir

→ Þeir spurðu HVAÐ HANN VÆRI AÐ SMÍÐA

Járngrímur sagði þá við mig: “Ég mun aldrei lána þér þennan járnstaf.”

→ Járngrímur sagði þá við mig AÐ HANN MUNDI ALDREI LÁNA
MÉR ÞENNAN JÁRNSTAF

Gunnar hrópaði: “Ég var barinn!”

→ Gunnar hrópaði AÐ HANN HEFÐI VERIÐ BARINN

Hér má sjá að skipt er um persónufornöfn þegar beinni ræðu er breytt í óbeina (‘þú’ → ‘hann’ í fyrsta dæminu, ‘ég’ → ‘hann’, ‘þér’ → ‘mér’ í því næsta og ‘ég’ → ‘hann’ í því seinasta). Ástæðan er auðvitað sú að bein ræða er höfð beint eftir þeim sem segir orðin sem í henni eru og þá miðast fyrsta, önnur og þriðja persóna við hann. Óbein ræða miðast við þann sem segir frá og fyrsta, önnur og þriðja persóna miðast þá við hann (frásagnarmanninn – það er hann sem “talar” í óbeinu ræðunni).

Í öllum dæmunum sést að við breytingu úr beinni í óbeina ræðu kemur **viðtengingarháttur** í stað **framsöguháttar** á sögnina. Ef sögn **aðalsetningarinnar** er í þátíð verður sögn óbeinu ræðunnar það einnig, eins og fyrri dæmin tvö sýna. Í síðustu setningunni kemur hins vegar fram að ef sögn beinu ræðunnar er í þátíð tekur hún á sig **lokið horf** í óbeinu ræðunni (‘var’ → ‘hefði verið’).

6.4 Kjarnafærsla

Í nútímasetningafræði, sem á rætur í málmyndunarfræði⁵⁸ Chomskys, er myndun setninga lýst sem ákveðnu ferli. Þar er gert ráð fyrir því að setningar eigi sér ákveðið grunnform⁵⁹ eða djúppgerð⁶⁰ (baklæga gerð⁶¹), þar sem röð setningarliða sé ómörkuð⁶²

⁵⁸ Áhrifamikil aðferðafræði innan málfræðinnar, kennd við bandaríska málfræðinginn Noam Chomsky sem setti hana fram 1957. Málmyndunarfræðin leggur áherslu á meðfædda málkunnáttu einstaklingsins og hvernig hann beitir henni.

⁵⁹ Með grunnformi setningar er átt við eins konar hlutlausu setningagerð þar sem frumlag stendur fremst, þá sögn, síðan andlag (ef sögnin tekur andlag) og þá aðrir liðir. Af grunnforminu er síðan hægt að leiða ýmis afbrigði setningarinnar með því að breyta orðaröð, fella brott liði o.fl. Oft er einnig talað um djúppgerð eða baklæga gerð í sömu merkingu.

⁶⁰ Með djúppgerð setningar er átt við eins konar hlutlausu setningagerð þar sem frumlag stendur fremst, þá sögn, síðan andlag (ef sögnin tekur andlag) og þá aðrir liðir. Af djúppgerðinni er síðan hægt að leiða ýmis afbrigði setningarinnar með því að breyta orðaröð, fella brott liði o.fl. Oft er einnig talað um grunnform eða baklæga gerð í sömu merkingu.

⁶¹ Með baklægri gerð setningar er átt við eins konar hlutlausu setningagerð þar sem frumlag stendur fremst, þá sögn, síðan andlag (ef sögnin tekur andlag) og þá aðrir liðir. Af baklægu gerðinni er síðan hægt að leiða ýmis afbrigði setningarinnar með því að breyta orðaröð, fella brott liði o.fl. Oft er einnig talað um grunnform eða djúppgerð í sömu merkingu.

⁶² Með ómarkaðri orðaröð er átt við eins konar hlutlausu eða sjálfgefna röð orða og setningarliða. Í íslensku er frumlag – sögn – andlag (FSA) ómörkuð orðaröð, en þetta er misjafnt eftir tungumálum. Einnig er talað um grundvallarorðaröð eða sjálfgefna orðaröð í svipaðri merkingu.

eða hlutlaus. Í þessu grunnformi standa liðir í grundvallarorðaröð⁶³ eða **sjálfgefinni orðaröð**, og liðir sem eiga saman standa þar saman.

Jóhann las þessa sögu í gær

En setningar af þessu tagi geta líka komið fram á annan hátt, með afleiddri⁶⁴ eða **breyttri orðaröð**, þar sem ýmsum færslum⁶⁵ eða öðrum ummyndunum⁶⁶ hefur verið beitt á einstaka liði. Þannig er oft hægt að flytja **andlög**, **forsetningarliði** og **atviksliði** fremst í setninguna, þannig að afleidd gerð⁶⁷ eða yfirborðsgerð⁶⁸ hennar verður frábrugðin grunnforminu:

[Þessa sögu] las Jóhann í gær

[Í gær] las Jóhann þessa sögu

Slíkur flutningur liða fremst í setningu er kallaður kjarnafærsla.⁶⁹ Ástæðan fyrir því að andlag, atviksliður eða forsetningarliður er færður fremst í setningu er nefnilega oft sú að þessi liður er einhvers konar merkingarlegur kjarni⁷⁰ setningarinnar, og honum er gefin sérstök áhersla með því að setja hann fremst í setningu.

Það er samt ekki hægt að taka andlag eða annan lið aftan úr setningu og færa hann fremst og láta þar við sitja. Ef ekkert frekar er aðhafst koma út úr því ótækar setningar eins og hér sést:

⁶³ Með grundvallarorðaröð er átt við eins konar hlutlausu eða sjálfgefna röð orða og setningarliða. Í íslensku er grundvallarorðaröðin frumlag – sögn – andlag (FSA), en þetta er misjafnt eftir tungumálum. Einnig er talað um ómarkaða orðaröð eða sjálfgefna orðaröð í svipaðri merkingu.

⁶⁴ Í afleiddri orðaröð er vikið frá grundvallarorðaröð (sjálfgefni orðaröð, ómarkaðri orðaröð) í einhverjum atriðum. Röðin andlag – sögn – frumlag, eins og ‘Þennan mann þekki ég’ er t.d. afleidd; leidd af grundvallarorðaröðinni frumlag – sögn – andlag (‘Ég þekki þennan mann’) með kjarnafærslu andlagsins fremst í setningu og umröðun frumlags og sagnar. Afleidd orðaröð hefur yfirleitt eitthvert sérstakt hlutverk, t.d. að leggja áherslu á einhvern lið, skapa andstæðu o.s.frv. Einnig er talað um breytta orðaröð í svipaðri merkingu.

⁶⁵ Með færslu er átt við það að setningarliður hafi verið færður til í setningu, og standi ekki þar sem búast mætti við honum samkvæmt grundvallarorðaröð (sjálfgefni orðaröð) málsins. Grundvallarorðaröð íslensku er frumlag – sögn – andlag (FSA), en í setningunni ‘Þennan mann þekki ég’ hefur farið fram færsla á andlaginu fremst í setninguna, auk þess sem frumlagið hefur færst aftur fyrir sögnina.

⁶⁶ Ummyndun tekur til hvers kyns afbrigða frá grunnformi eða djúpperð setninga. Helstu ummyndanir eru ýmiss konar færslur setningarliða, t.d. færsla andlags fremst í setningu (kjarnafærsla). Brottfall liða (liðfelling) flokkast einnig undir ummyndanir.

⁶⁷ Með afleiddri gerð setningar er vísað til útkomunnar þegar ummyndunum (færslum eða liðfellingum) hefur verið beitt á grunnformið (djúpperðina). Setning eins og ‘Þennan mann þekki ég’ er þannig afleidd (með kjarnafærslu og umröðun frumlags og sagnar) af grunnforminu ‘Ég þekki þennan mann’. Oft er talað um yfirborðsgerð í svipaðri merkingu.

⁶⁸ Með yfirborðsgerð setningar er vísað til útkomunnar þegar ummyndunum (færslum eða liðfellingum) hefur verið beitt á grunnformið (djúpperðina). Yfirborðsgerðin ‘Þennan mann þekki ég’ er þannig leidd (með kjarnafærslu og umröðun frumlags og sagnar) af djúpperðinni ‘Ég þekki þennan mann’. Oft er talað um afleidda gerð í svipaðri merkingu.

⁶⁹ Það er kallað kjarnafærsla þegar andlag, forsetningarliður eða atviksliður er flutt úr sæti sínu í grunnformi (djúpperð) setningar og sett fremst í setninguna. Oft er þetta gert til að leggja áherslu á færða liðinn eða tengja setninguna betur við undanfarandi texta. Önnur svipuð regla er stílfærsla, en hún flytur einkum einstök orð en ekki heila liði og er bundin við setningar sem eru frumlagslausar.

⁷⁰ Kjarni er viðfangsefni eða meginatriði setningar. Þetta orð er oft notað til að vísa til andlags, forsetningarliðar eða atviksliðar sem flyst fremst í setningu við kjarnafærslu, eins og ‘[Þessum manni] myndi ég ekki treysta’.

- *Þessa sögu Jóhann las í gær
- *Í gær Jóhann las þessa sögu

Þessar setningar eru auðvitað engin íslenska. Til að þær verði tækar þarf að víxla röð sagnar og frumlags eins og gert var hér að framan. Það er nefnilega nokkuð föst regla í íslensku að persónubeygð sögn má ekki vera aftar en í öðru sæti í setningum. Þess vegna verður hér umröðun frumlags og sagnar,⁷¹ frumlagið ('Jóhann') verður að víkja ef annar liður er settur fremst.

6.5 Spurnarfærsla

Spurnarfærsla⁷² er á margan hátt svipuð **kjarnafærslu**, því að hún flytur einnig **andlög, forsetningarliði** og **atviksliði** fremst í setningu. Spurnarfærsla flytur þó eingöngu spurnarliði,⁷³ þ.e. liði sem hafa að geyma eitthvert spurnarorð⁷⁴ (spurnarfornafn eða spurnaratviksorð) eins og í eftirfarandi dæmum:

- [HVADA sögu] las Jóhann í gær?
- [HVENÆR] las Jóhann þessa sögu?
- [Um HVADA leyti] las Jóhann þessa sögu?

Í aðalsetningum með spurnarfærslu verður **frumlagið** að koma á eftir persónubeygðu sögninni, rétt eins og í setningum með kjarnafærslu. Í óbeinum spurningum,⁷⁵ þ.e. **aukasetningum** með spurnarfærslu, gegnir öðru máli; þar getur bæði liðurinn með spurnarorðinu og frumlagið staðið á undan sögninni eins og ekkert sé:

- Hún spurði [[HVADA sögu] Jóhann hefði lesið í gær]
- Hún spurði [[HVENÆR] Jóhann hefði lesið þessa sögu]
- Hún spurði [[um HVADA leyti] Jóhann hefði lesið þessa sögu]

⁷¹ Þegar einhver annar liður en frumlag flyst fremst í setningu verða frumlag og sögn að skipta um sæti, þannig að frumlagið standi á eftir sögninni. Ekki er hægt að segja *'Í morgun ég hitti Svein', heldur verður að fara fram umröðun frumlags og sagnar til að fá 'Í morgun hitti ég Svein'. Í íslensku gildir sú regla að ekki megi fleiri en einn liður standa á undan persónubeygðri sögn.

⁷² Spurnarfærsla vísar til þess að setningarliður sem hefur að geyma spurnarorð verður ævinlega að færast fremst í setningu, óháð því hvaða setningarlegu hlutverki hann gegnir. Þótt andlög standi á eftir sögn í grunnformi (djúpgerð) setninga er ekki hægt að segja *'Áslaug var að lesa hvaða bók?' heldur fer fram spurnarfærsla og útkoman verður 'Hvaða bók var Áslaug að lesa?'

⁷³ Spurnarliður er hver sá setningarliður sem hefur að geyma eitthvert spurnarorð (spurnarfornafn eða spurnaratviksorð). Spurnarliðir geta gegnt mismunandi setningafræðilegum hlutverkum, en verða alltaf að standa fremst í yfirborðsgerð setninga.

⁷⁴ Spurnarorð er hvert það orð sem felur í sér spurningu. Í íslensku hefjast flest spurnarorð á 'hv-', t.d. spurnartengingin 'hvort', spurnarfornöfnin 'hver' og 'hvaða' og spurnaratviksorðin 'hvenær', 'hvar', 'hvernig' og 'hvaðan'. Þó flokkast 'því' í merkingunni 'hvers vegna' einnig til spurnarorða. Setningarliðir sem innihalda spurnarorð (spurnarliðir) verða yfirleitt að standa fremst í setningu í yfirborðsgerð.

⁷⁵ Óbein spurning er aukasetning sem hefst á spurnarorði (spurnartengingu, spurnarfornafni eða spurnaratviksorði). Óbein spurning kallar ekki á svar, eins og bein spurning (í aðalsetningu) gerir, heldur segir frá spurningu. Aðalsetningin 'Er Sigga komin?' er bein spurning sem kallar á svar, en aukasetningin sem er innan hornklofa í 'Hún spurði [hvort Sigga væri komin]' gerir það ekki.

Hér virðist reglan um sögn í öðru sæti⁷⁶ vera brotin. Þó er vert að athuga að spurnarsetningarnar eru hér ekki tengdar **móðursetningu** sinni með neinni aukatengingu, þótt til sé sérstök spurnartenging eins og í þessari setningu:

Hún spurði [HVORT Jóhann hefði lesið þessa sögu]

Spurnarliðirnir ‘hvaða sögu’, ‘hvenær’ og ‘um hvaða leyti’ virðast því taka að sér hlutverk spurnartengingar. Þeir standa því eiginlega utan spurnarsetningarinnar sjálfrar, og teljast því ekki með liðum sem standa á undan persónubeygðu sögninni. Hún er því í öðru sæti í öllum setningunum; aðeins frumlagið ‘Jóhann’ stendur á undan henni.

Spurnarfærsla er einnig frábrugðin kjarnafærslu að því leyti að hún er oftast skyldubundin,⁷⁷ en kjarnafærsla valfrjáls.⁷⁸ Setning með kjarnafærslu hefði m.ö.o. yfirleitt verið góð og gild þótt kjarnafærslunni væri ekki beitt í henni, en færði liðurinn látinn vera kyrr á upphafsstað⁷⁹ sínum. Liðir með spurnarorðum verða hins vegar venjulega að standa fremst í setningum, annars verða þær ótækar.⁸⁰

- *Jóhann las [HVAÐA sögu] í gær?
- *Jóhann las þessa sögu [HVENÆR]?
- *Jóhann las þessa sögu [um HVAÐA leyti]?

⁷⁶ Í íslensku, eins og í flestum germönskum málum öðrum en ensku, gildir sú regla að persónubeygð sögn má ekki standa aftan en í öðru sæti í aðalsetningum; á undan henni má aðeins vera einn setningarliður (sem getur hins vegar verið samsettur úr mörgum orðum). Það er eitt af sérkennum íslensku að þessi regla gildir einnig í aukasetningum; við segjum ‘Ég veit [að Páll hefur ekki lesið bókina]’ en ekki *‘Ég veit [að Páll ekki hefur lesið bókina]’ (athugið að aukatengingin ‘að’ telst ekki með þegar liðir á undan sögn eru taldir). Í dönsku er aftur á móti sagt ‘Jeg ved [at Poul ikke har læst bogen]’.

⁷⁷ Sumar setningafræðilegar reglur, t.d. færslur, eru kallaðar skyldubundnar, vegna þess að sé þeim ekki beitt kemur út ótæk setning. Ef t.d. atviksliðurinn í setningunni ‘Ég hitti Gunnu áðan’ er færður fremst í setningu með kjarnafærslu, *‘Áðan ég hitti Gunnu’, má ekki láta þar við sitja – sú setning er ótæk. Frumlagið og sögnin verða einnig að skipta um sæti, til að reglan um sögn í öðru sæti sé ekki brotin; útkoman þarf að verða ‘Áðan hitti ég Gunnu’. Umröðun frumlags og sagnar er því skyldubundin regla, eftir að kjarnafærslu hefur verið beitt (þótt kjarnafærslan sé í sjálfu sér valfrjáls).

⁷⁸ Sumar setningafræðilegar reglur, t.d. færslur, eru kallaðar valfrjálsar, vegna þess að málnotendur ráða hvort þeir beita þeim eða ekki. Setningin ‘Ég hitti Gunnu áðan’ er góð og gild, en á hana er líka hægt að beita kjarnafærslu og fá út ‘Áðan hitti ég Gunnu’. Sú setning er jafngóð íslenska og hin, þótt hugsanlega sé einhver blæbrigðamunur eða áherslumunur á þeim. Kjarnafærsla er því valfrjáls regla. Sé henni hins vegar beitt verður einnig að víxla röð frumlags og sagnar, því að *‘Áðan ég hitti Gunnu’ er ótæk setning. Umröðun frumlags og sagnar er því ekki valfrjáls, heldur skyldubundin.

⁷⁹ Upphafsstaður setningarliðar er sá staður í formgerðinni þar sem liðurinn stendur í grunnformi eða djúpperð setningarinnar. Í yfirborðsgerð hafa liðir oft verið færðir úr upphafsstað sínum. Upphafsstaður andlags er t.d. aftan sagnar, en í setningunni ‘ÞESSARI SÖGU get ég ekki trúað ___’ hefur verið beitt kjarnafærslu og andlagið ‘þessari sögu’ fært úr upphafsstað sínum aftan við ‘trúað’.

⁸⁰ Stundum heyrast setningar eins og þessar:

Þú fórst HVERT?
Hann gerði HVAD?

Setningar af þessu tagi eru stundum nefndar bergmálsspurningar, því að þær bergmála eða endurtaka það sem sagt var næst á undan. Það er þó eiginlega rangnefni, því að tilgangur mælandans er ekki að spyrja, heldur að láta í ljós undrun eða vanþóknun á því sem við hann var sagt.

6.6 Stílfærsla

Stundum eru einstök orð, einkum fallhættir sagna, agnir⁸¹ og lýsingarorð, flutt fremst í setningu:

Hann er fyrsti maðurinn [sem SIGLT hefur ___ um Dimmugljúfur]
SEGJA má ___ [að þessu sé lokið]
DANSAD var ___ fram á rauða nótt
Þetta er mesta hátíð [sem FRAM hefur farið ___ á Íslandi]

Þetta er kölluð stílfærsla⁸² og kemur eingöngu fyrir í setningum sem eru **frumlagslausar** í einhverjum skilningi, bæði **aðalsetningum** og **aukasetningum**. Hún er því algeng í **tilvísunarsetningum**, þar sem alltaf “vantar” einhvern lið, og eins í **ópersónulegri þolmynd**. Stílfærslan er valfrjáls eins og **kjarnafærsla**, en virðist ekki hafa það hlutverk að leggja áherslu á það sem fært er.

6.7 Sögn í fyrsta sæti

Þótt persónubeygð sögn sé oftast í öðru sæti í setningum eru til nokkrar setningagerðir með **breyttri orðaröð** þar sem sögnin stendur fremst. Þar má fyrst nefna beinar spurningar án spurnarorðs, þ.e. þær spurningar sem svara má með ‘já’ eða ‘nei’. Þær hafa spurnarorðaröð:⁸³

Er þetta hægt?
Ætlar þú að koma á morgun?
Finnst þér þetta í lagi?

Í boðhætti er sögnin ævinlega færð fram fyrir frumlagið og stendur því fremst í setningu.⁸⁴

⁸¹ Ögn er smáorð sem stendur með sögn og myndar merkingarlega heild með henni. Agnir eru yfirleitt samhljóða atviksorði eða forsetningu, en stjórna ekki falli og geta staðið bæði á undan og eftir andlagi; ‘Hann tók upp kartöflurnar’ – ‘Hann tók kartöflurnar upp’; ‘Hún tók til bækurnar’ – ‘Hún tók bækurnar til’. Ef andlagið er persónufornafn verður ögnin þó að standa á undan því.

⁸² Stílfærslu svipar til kjarnafærslu; felst í færslu fremst í setningu. Stílfærsla er þó einkum talin flytja einstök orð, einkum atviksorð, fallhætti sagna og agnir, en ekki heila liði. Hún er bundin við setningar sem eru frumlagslausar, og er því ekki sist algeng í tilvísunarsetningum, t.d. ‘Maður [sem ALDREI hefur ___ gert handtak]’ og setningum með ópersónulegri þolmynd, t.d. ‘VITAÐ er ___ [að þetta er rangt]’.

⁸³ Stundum eru spurningar bornar fram með sjálfgefni orðaröð:

Þú ætlar að koma á morgun?
Þér finnst þetta í lagi?

Þá er **tónfall** látið duga til að gefa til kynna að um spurningu sé að ræða en ekki staðhæfingu eða skipun.

⁸⁴ Í fornu máli gátu boðhátarsagnir stundum staðið í öðru sæti í aðalsetningum, ef setningin hófst á aðaltengingunni ‘en’. Einnig kom boðhátur fyrir í aukasetningum í fornu máli, en slíkt er ekki til nú; þá var sögnin líka í öðru sæti:

“Eg mun hér vera að eigi komist maðurinn út ef hann er hér inni en þú GAKK til stofu”
“Gerðu annaðhvort,” sagði húskarll, “að þú FAR á brott eða gakk inn og ver hér í nótt”

Flýttu þér!
Farðu varlega!
Vandaðu þig við verkið!

Sögnin er einnig oft höfð fremst í svokallaðri **frásagnarorðaröð** eða frásagnarumröðun.⁸⁵ Sú orðaröð er bundin við ritmál og er eins og nafnið bendir til einkum notuð í frásögnum af ýmsu tagi. Hún er annars vegar einkenni á stíl íslenskra fornsagna og frásagna sem eru skrifaðar í svipuðum stíl:

Kom Grettir sér í skip og fór út til Íslands um sumarið
Var hann þar um nóttina

Hins vegar er þessi orðaröð algeng í nútíma blaðamáli:

Segir ráðherra að ákvörðun verði tekin fljótlega

Frásagnarorðaröð kemur yfirleitt ekki fyrir í upphafi frásagnar – ekki fyrr en í annarri **málgrein** eða síðar, og er bundin við **aðalsetningar**. Hún er sjaldnast skyldubundin, heldur er venjulega hægt að nota **sjálfgefna orðaröð** í stað hennar.

6.8 Fráfærsla

Í grunnformi setninga (djúpperðinni) stendur **frumlagið** fremst. Þó er algengt í **breyttri orðaröð** að frumlaginu sé “frestað”, þannig að það standi aftar í setningunni en það gerir í **sjálfgefni orðaröð**. Þetta gerist t.d. oft ef frumlagið er **fallsetning**. Það fer yfirleitt ekki vel að láta slík frumlög standa fremst:

[Að reykingar eru hættulegar] hefur verið sannað
[Að reykja sígarettur] er hættulegt

Þessar setningar eru mjög ankannalegar, og venjulega er frumlagið ekki látið standa fremst í þeim, heldur fært aftast í setninguna:

___ hefur verið sannað [að reykingar eru hættulegar]
___ er hættulegt [að reykja sígarettur]

Slík færsla fallsetninga úr frumlagssæti eru kölluð fráfærsla.⁸⁶ Hún dugir samt ekki ein og sér til að gera setningarnar eðlilegar. Eftir hana stendur **persónubeygða** sögnin

⁸⁵ Frásagnarumröðun (eða frásagnarorðaröð) er það kallað þegar setning hefst á persónubeygðri sögn, einkum í frásögn; ‘FER hann nú þegar af stað’. Þetta er bundið við ritmál, og einkum talið sérkenni á stíl íslenskra fornsagna.

⁸⁶ Það er kallað fráfærsla þegar aukasetning stendur aftast í setningu í yfirborðsgerð en upphafsstaður hennar í grunnformi (djúpperð) setningarinnar er framar. Í setningunni ‘Það er ósatt [að hann hafi gert þetta]’ er aukasetningin ‘að hann hafi gert þetta’ frumlag, og í grundvallarorðaröð er frumlagið jafnan á undan sögninni. Grunnform setningarinnar er því ‘[Að hann hafi gert þetta] er ósatt’. Það er hins vegar oft þjálfa að hafa aukasetningar af þessu tagi aftast, og því er fráfærslu oft beitt í slíkum tilvikum. Þá er gervifrumlaginu ‘það’ oftast skotið inn í frumlagssætið í staðinn.

nefnilega fremst, en það á hún aðeins að gera við vissar aðstæður, þ.e. í **spurningum** og **frásagnarorðaröð**. Ef þessar setningar eiga að vera spurningar eða koma fyrir í samfelldri frásögn þarf ekkert að gera, en eigi þetta að vera staðhæfingar þarf eitthvað að koma á undan sögninni. Það má t.d. gera með **stílfærslu**:

SANNAÐ hefur verið ____ [að reykingar eru hættulegar]
HÆTTULEGT er ____ [að reykja sígarettur]

Algengast er þó að beita það-innskoti⁸⁷ til að fylla upp í eyðuna eftir frumlagið, þ.e. setja orðið ‘það’ í frumlagssætið:

ÞAÐ hefur verið sannað [að reykingar eru hættulegar]
ÞAÐ er hættulegt [að reykja sígarettur]

Þótt ‘það’ geti verið persónufornafn í hvorugkyni er hæpið að greina orðið sem fornafn í dæmum af þessu tagi, enda hefur það enga merkingu eða tilvísun, eins og sjá má af því að setningarnar merkja það sama hvort sem það er með eða ekki. Slíkt ‘það’ er nefnt **gervifrumlag**, en merkingarlausir liðir sem notaðir eru til eins konar uppfyllingar eru stundum kallaðir leppir.⁸⁸

6.9 Frestun óákveðins frumlag og frestun þungs nafnliðar

Þegar **frumlag** er óákveðið fer oft betur á því að láta það standa á eftir sögninni, og er þá talað um frestun óákveðins frumlags.⁸⁹ Þá er **það-innskoti** venjulega beitt um leið til að sögnin standi ekki fremst, en einnig er hægt að koma í veg fyrir það með öðrum ráðum, s.s. **stílfærslu** eða **kjarnafærslu**.

Ný mynd er í bíóinu
Stelpan er í dyrunum

Það er ný mynd í bíóinu
Það er stelpan í dyrunum

⁸⁷ það-innskoti (e. there-insertion): Gervifrumlaginu ‘það’ er oft skotið inn í frumlagssæti setninga, ef sætið yrði að öðrum kosti autt í yfirborðsgerð. Þetta gerist einkum ef frumlag setningar hefur verið fært úr upphafsstað sínum og stendur aftarlega eða aftast í setningunni. Þar koma einkum við sögu fráfrásla; ‘ÞAÐ er ósatt [að hann hafi gert þetta]’ og frestun óákveðins frumlags; ‘ÞAÐ er kominn gestur’. Einnig er það-innskoti oft beitt í ópersónulegri þolmynd þar sem setningin er frumlagslaus í djúpperð; ‘ÞAÐ var dansað í alla nótt’.

⁸⁸ Leppur er merkingarsnautt smáorð sem hefur enga tilvísun en gegnir eins konar uppfyllingarhlutverki. Orðið ‘það’ er t.d. leppur (gervifrumlag) í setningum eins og ‘ÞAÐ er ósatt [að hann hafi gert þetta]’ og ‘ÞAÐ er kominn gestur’. Í þessum setningum vísar ‘það’ ekki til neins, eins og orðið gerir þegar það er fornafn.

⁸⁹ Þegar frumlag er óákveðið, einkum nafnorð án greinis eða óákveðið fornafn, er því iðulega “frestað” í yfirborðsgerð setninga, þannig að það stendur á eftir sögninni, þótt upphafsstaður frumlags í grunnformi eða djúpperð sé alltaf framan sagnar. Þá er leppurinn (gervifrumlagið) ‘það’ oftast sett í frumlagssætið í staðinn. Þannig er t.d. venjulega ekki sagt ‘Gestir eru komnir’ heldur ‘Það eru komnir gestir’, og í staðinn fyrir ‘Einhver hefur verið hérna’ er oft sagt ‘Það hefur einhver verið hérna’.

Frumlagsfrestun af þessu tagi er algengust í svokölluðum tilvistarsetningum⁹⁰ og gengur ekki þegar frumlagið er ákveðið:

Nýja myndin er í bíóinu	*Það er nýja myndin í bíóinu
Stelpan er í dyrunum	*Það er stelpan í dyrunum

Nafnliðir sem eru samsettir eða þungir,⁹¹ þ.e. innihalda mörg orð og jafnvel heila **aukasetningu**, fara stundum illa fremst eða inni í setningu, og eru þá stundum færðir aftast í setninguna með frestun þungs nafnliðar.⁹² Þetta gildir bæði um frumlög og **andlög** :

[Strákurinn sem rændi sjoppuna í fyrra] er flúinn
Það er flúinn [strákurinn sem rændi sjoppuna í fyrra]
Ég sagði [stelpunni sem var í heimsókn hjá systur minni] söguna
Ég sagði ___ söguna [stelpunni sem var í heimsókn hjá systur minni]

Þegar frumlagi er frestað með færslu þungs nafnliðar er oftast beitt **það-innskoti** um leið. Það er hins vegar ekki gert þegar andlagi er frestað, enda hefur sú frestun engin áhrif á stöðu sagnarinnar.

6.10 Nafnliðarfærslur

Færslurnar sem taldar eru í **6.4-6.9** hafa engin áhrif á málfræðileg vensl⁹³ **setningarliða**, þ.e. hvaða málfræðilegu hlutverki⁹⁴ færði liðurinn gegnir innan setningarinnar. **Andlag** heldur áfram að vera andlag þótt það sé fært fremst með **kjarnafærslu**, og **frumlag** er áfram frumlag þótt það sé fært aftur fyrir sögn með **frestun óákveðins frumlags**.

⁹⁰ Setningar með sögninni 'vera', sem lýsa því að eitthvað (almennt eða óákveðið) sé til eða sé á einhverjum stað (í tíma eða rúmi) eru kallaðar tilvistarsetningar. Iðulega er beitt frestun óákveðins frumlags og það-innskoti í slíkum setningum. Þetta eru setningar eins og 'Það eru margir í sumarfríi' og 'Það er mús í baðkerinu'.

⁹¹ Nafnliðir sem hafa að geyma mörg orð, einkum ef þeir eru flóknir að formgerð og innihalda t.d. heila aukasetningu (oftast tilvísunarsetningu) eru kallaðir þungir. Ekki eru nein ákveðin viðmiðunarmörk um það hvenær liður telst þungur og hvenær ekki, en í setningunni '[Billinn sem ég keypti í gær og var svo ánægður með] er bilaður' er frumlagnafnliðurinn sem er innan hornklofa örugglega þungur.

⁹² Í yfirborðsgerð standa þungir nafnliðir (liðir með mörgum orðum og/eða flókna formgerð) oft aftur í setningum en búast mætti við út frá setningafræðilegu hlutverki þeirra. Andlög standa t.d. næst á eftir sögn í grunnformi (djúpgærð), en þungir andlagsnafnliðir eru stundum færðir aftur fyrir atviksliði eða forsetningarliði. Þá er talað um frestun þungs nafnliðar, eins og í setningunni 'Ég mætti ___ í morgun niðri í bæ [manni sem ég vonaði að ég þyrfti aldrei að sjá framari]'.

⁹³ Með málfræðilegum venslum er átt við innbyrðis afstöðu setningarliða, einkum afstöðu nafnliða til umsagnar; hvaða málfræðilegu hlutverki liðir gegna gagnvart umsögninni. Tiltækin málfræðileg vensl eru milli umsagnar og frumlags hennar, annars konar vensl milli umsagnar og andlags, o.s.frv.

⁹⁴ Með málfræðilegu hlutverki er vísað til málfræðilegra vensla setningarliða, einkum nafnliða, innan setningar. Nafnliðir gegna ákveðnu hlutverki gagnvart umsögn setningarinnar. Tiltækinn nafnliður gegnir hlutverki frumlags, annar nafnliður gegnir hlutverki andlags o.s.frv.

Færslur sem breyta málfræðilegum venslum eru þó til, og nefnast einu nafni nafnliðarfærslur.⁹⁵ Sameiginlegt þeim er að þær færa **nafnlið** úr upphafsstað sínum (þeim stað þar sem hann er grunnmyndaður⁹⁶) og inn í tóman lið,⁹⁷ þ.e. lið sem er “tómur” í **grunnformi** setningarinnar. Færði liðurinn tekur þá að sér að gegna því málfræðilega hlutverki sem bundið er við lendingarstað⁹⁸ hans.

Þekktasta nafnliðarfærslan er þolmynd. Í grunnformi þolmyndarsetninga er frumlagsliðurinn tómur en nafnliður í andlagssætinu:

___ var sögð sagan	(Einhver sagði söguna)
___ var hjálpað stráknum	(Einhver hjálpaði stráknum)
___ var saknað hennar	(Einhver saknaði hennar)

Í **yfirborðsgerð** verða allar setningar hins vegar að hafa frumlag. Andlagsnafnliðurinn er því færður úr sæti sínu inn í tóman frumlagsliðinn og tekur að sér frumlagshlutverkið:

SAGAN var sögð ___
STRÁKNUM var hjálpað ___
HENNAR var saknað ___

Nafnliðarfærslan breytir þannig málfræðilegum venslum en hefur hins vegar engin áhrif á merkingarhlutverk. Þótt hið upphaflega andlag verði að frumlagi breytist það ekki þar með í geranda sem er hið dæmigerða merkingarhlutverk frumlags. Þess í stað heldur það áfram að vera þolandi, mark eða gegna hvaða öðru merkingarhlutverki sem það gegndi í andlagssætinu.⁹⁹

⁹⁵ Nafnliðarfærslur eru þær færslur nafnliða innan setninga sem breyta málfræðilegum venslum; breyta því hvaða málfræðilegum hlutverkum nafnliðirnir gegna. Þær færa nafnliði inn í sæti sem eru tóm í grunnformi (djúpperð) setninga. Dæmigerð nafnliðarfærsla er þolmynd, þar sem andlag germyndarsetningar verður að frumlagi þolmyndarsetningar.

⁹⁶ Þegar sagt er að setningarliður sé grunnmyndaður á tilteknum stað er átt við að þar sé hann upprunninn í grunnformi (djúpperð) setningarinnar, þótt hann kunni að standa annars staðar í yfirborðsgerð. Andlög eru t.d. alltaf grunnmyndað á eftir sögn þótt þau séu stundum færð fremst í setningu með kjarnafærslu eða öðrum færslum.

⁹⁷ Gert er ráð fyrir að í sumum tilvikum geti einstakir setningarliðir verið tómir í grunnformi (djúpperð) setninga. Með því er átt við það að gert sé ráð fyrir liðnum í formgerðinni, en þar sé ekkert innihald – engin orð. Þannig er t.d. frumlagsliður þolmyndarsetninga tómur í djúpperð, og þess vegna er hægt að færa andlagsnafnliðinn þangað inn.

⁹⁸ Lendingarstaður er sá staður þar sem færður liður stendur í yfirborðsgerð setningar. Lendingarstaður kjarnafærslu er t.d. fremst í setningu.

⁹⁹ Nafnliðarfærsla hefur einnig átt sér stað í setningum eins og þessum:

SVEINN virðist [___ hafa komið hingað nýlega]
SIGRÍÐUR þykir [___ vera lík móður sinni]

Aukasetningararnar eru hér nafnháttarsetningar, án frumlags í yfirborðsgerð. En hér er ekki allt sem sýnist. Í grunngerð hafa aukasetningararnar frumlag, en frumlagsliður aðalsetninganna er aftur á móti tómur:

___ virðist [Sigríður hafa komið hingað nýlega]
___ þykir [Sveinn vera líkur móður sinni]

Í afleiðslu setninganna, frá grunnformi til yfirborðsgerðar, fer fram frumlagslyfting, þar sem frumlagi aukasetningarinnar er “lyft” upp í frumlagssæti aðalsetningarinnar. Eftir sem áður þiggur liðurinn merkingarhlutverk sitt frá umsögn aukasetningarinnar – og ef hún tekur aukafallsfrumlag helst aukafallið þótt frumlaginu sé lyft:

6.11 Liðfelling

Sumar setningar eru kallaðar liðfelldar, því að liðir sem gera má ráð fyrir í **grunnformi** þeirra eru felldir brott í **yfirborðsgerð**. Þetta er algengast í **hliðskipuðum setningum** sem hafa einhverja liði sameiginlega. Þá er sameiginlegum orðum eða liðum iðulega sleppt í seinni setningunni, eins og hér er sýnt með svigum:

Margrét reiddist en (Margrét) gat ekkert aðhafst
Haraldur stóð upp, (Haraldur) fór í úlpuna sína og (Haraldur) snaraðist út
Hann hefur skilað bókinni og (hann hefur) tekið aðra í staðinn

Það er kallað tengieyðing¹⁰⁰ þegar sameiginlegum liðum (**frumlagi** og stundum einnig **umsögn**) er sleppt framan af seinni setningu(m) á þennan hátt. Stundum er sameiginlegu **andlagi** einnig sleppt úr seinni setningu(m) með tengieyðingu:

Pétur kyssti mig og (Pétur) faðmaði (mig)
Hann tók bókina úr hillunni og (hann) gaf mér (bókina)

Einnig kemur fyrir að orð eða liðir – einkum sagnir – séu felld brott innan úr seinni setningu(m), og er það stundum kallað götun:¹⁰¹

Jón kaupir DV en Þóra (kaupir) Morgunblaðið
Stína elskar Stefán og Stefán (elskar) Stínu
Þórunn hefur alltaf kosið kratana en Guðmundur (hefur) oftast (kosið) fram-sókn

SVEIN virðist [___ hafa dreymt illa]	(Svein hefur dreymt illa)
SVEINI virðist [___ hafa leiðst]	(Sveini hefur leiðst)
SVEINS virðist [___ vera saknað]	(Sveins er saknað)

Þessar setningar sýna að sögnin ‘virðast’ hefur ekkert um það að segja hvaða fall frumlag hennar hefur, heldur er það sögnin í aukasetningunni sem ræður því. Það sýnir að yfirborðsfrumlag aðalsetningarinnar er grunnmyndað sem frumlag aukasetningar. Þetta er bundið við örfáar sagnir; ‘sýnast’, ‘virðast’ og ‘þykja’.

¹⁰⁰ Með tengieyðingu er átt við það þegar setningarlið eða liðum er sleppt úr yfirborðsgerð í hliðskipuðum setningum, vegna þess að sami liður (sömu liðir) hefur (hafa) komið fyrir í fyrri (fyrstu) setningunni. Sjaldan er t.d. sagt ‘[Gunnar vaknaði snemma] og [Gunnar fór strax á fætur]’, heldur beitt tengieyðingu og sagt ‘[Gunnar vaknaði snemma] og [___ fór strax á fætur]’. Munurinn á tengieyðingu og götun er sá að við tengieyðingu er sleppt framan af seinni setningunni (setningunum), en við götun innan úr henni (þeim).

¹⁰¹ Með götun er átt við það þegar setningarlið eða liðum (einkum umsögn eða hluta hennar) er sleppt úr yfirborðsgerð í hliðskipuðum setningum, vegna þess að sami liður (sömu liðir) hefur (hafa) komið fyrir í fyrri (fyrstu) setningunni. Í staðinn fyrir að segja ‘[Siggi barði mig] og [ég barði hann]’ er oft beitt götun og sagt ‘[Siggi barði mig] og [ég ___ hann]’. Munurinn á götun og tengieyðingu er sá að við tengieyðingu er sleppt framan af seinni setningunni (setningunum), en við götun innan úr henni (þeim).